Sjálfbærni- og ársskýrsla



2025

Sjálfbærni- og ársskýrsla EFLU 2025
Umsjón og ábyrgð: EFLA
Hönnun og umbrot: Kolofon hönnunarstofa
Prófarkarlestur: Kristín Viðarsdóttir
Prentun: Prentmet Oddi – svansvottuð prentsmiðja
Pappír: 120g/250g UPM fine – vottaður af Evrópu blóminu
Útgefið: Apríl 2026

Sjálfbærni- og ársskýrsla EFLU 2025

Sjálfbærni- og ársskýrslur EFLU hafa verið gefnar út frá árinu 2015 og í þessum skýrslum má finna upplýsingar um árangur og framgang fyrirtækisins.

Þar er meðal annars sagt frá rekstri í starfseminni, mælanlegum markmiðum, verkefnum, samfélagsuppgjöri og birtar lykiltölur umhverfisþátta.

Inngangur	5
Hlutverk EFLU	6
Rekstur	12
EFLA um allt land	15
Dótturfélög	16
Árangur	20
Viðburðir	21
Nýsköpun	24
Samfélagsleg ábyrgð	30
Viðskiptahættir	32
Menning EFLU	36
Umhverfismarkmið og árangur á Íslandi	42
Framlag EFLU í þágu heimsmarkmiðanna	56
UFS samfélagsuppgjör	58
Lokaorð	62



EFLA – stöðugleiki í breytilegu umhverfi

Árið 2025 hefur verið viðburðaríkt og krefjandi en jafnframt uppfullt af tækifærum. Umhverfi okkar mótast í auknum mæli af óvissu og örum breytingum. Pólitísk spenna, stríðsástand og efnahagslegur órói hafa áframhaldandi alþjóðleg áhrif og setja svip sinn á það umhverfi sem EFLA starfar í.

Rekstur EFLU var góður á liðnu ári. Niðurstaðan var í takt við metnaðarfullar áætlanir sem settar voru fram í krefjandi og breytilegu markaðsumhverfi. Ég tók við starfi framkvæmdastjóra EFLU um miðjan október 2025 og vil því í upphafi undirstrika að árangur ársins er afrakstur þess framúrskarandi starfs sem unnið var í félaginu allt árið. Það endurspeglar styrk EFLU að þrátt fyrir breytingar í forystu félagsins hélt reksturinn áfram að ganga vel með stöðugleika og fagmennsku að leiðarljósi.

Starfsfólk EFLU er grunnstoð allrar starfsemi félagsins. Þekking, hugvit og metnaður starfsfólks til að takast á við krefjandi verkefni liggja að baki þeim árangri sem félagið hefur náð. Starf EFLU byggir á skýrum gildum: hugrekki, samvinnu og trausti. Gildin móta daglegt starf, samskipti og ákvarðanatöku. Innan EFLU býr jafnframt sterkur sköpunarkraftur og vilji til að leita nýrra leiða, sem endurspeglast í stöðugri þróun, nýsköpun og getu félagsins til að mæta áskorunum framtíðarinnar.

Gervigreind heldur áfram að þróast á miklum hraða og hefur sífellt meiri áhrif á starfsemi fyrirtækja og samfélög. Sú þróun opnar mörg ný tækifæri en felur jafnframt í sér áskoranir sem kalla á meðvitaða og ábyrga nálgun. Mikilvægt er að vera virkur þátttakandi í þessari öru framþróun, þora að gera tilraunir og vera tilbúinn að laga sig að breyttum aðstæðum. Með öflugu, forvitnu og metnaðarfullu starfsfólki er EFLA vel í stakk búin til að innleiða nýjar lausnir og þróa vinnubrögð sem skapa virði, bæði innan félagsins og fyrir viðskiptavini. Sú nálgun er jafnframt í samræmi við skilgreint hlutverk EFLU, að koma fram með lausnir sem stuðla að framförum hjá viðskiptavinum og efla samfélög.

Í verkefnum EFLU eru sjálfbærni og samfélagsleg sjónarmið samþætt frá upphafi, hvort sem um ræðir orku-, innviða- eða mannvirkjaverkefni, með það að markmiði að skila vönduðum og varanlegum lausnum. Með heildstæðri nálgun leitast félagið við að styðja ábyrga nýtingu auðlinda, tryggja gæði og skapa jákvæð áhrif til lengri tíma og leggja þannig sitt af mörkum til framfara hjá viðskiptavinum og þeim samfélögum sem EFLA starfar í.

Á þessum óvissutímum blasir reyndar við tímabær og nauðsynleg innviðauppbygging, bæði hér á landi og á erlendum mörkuðum. Orkuskiptin eru þar með talið á fleygiferð og áfallaþol er viðfangsefni með sífellt meira vægi í samfélögum. Þarna liggja skýr tækifæri fyrir EFLU til að nýta þá miklu þekkingu og reynslu sem byggst hefur upp innan félagsins. Með samvinnu þvert á svið, svæði og dótturfélög getur EFLA lagt sitt af mörkum við mótun lausna sem mæta flóknum áskorunum samtímans og skapa varanlegt virði fyrir viðskiptavini og samfélög.

Að lokum vil ég færa starfsfólki EFLU einlægar þakkir fyrir framúrskarandi framlag á árinu. Jafnframt er ég þakklát fyrir hlýjar móttökur, traust og stuðning og hlakka til áframhaldandi samstarfs við að byggja enn frekar undir árangur EFLU á komandi árum.

Kristín Friðgeirsdóttir
Framkvæmdastjóri EFLU hf.

Hlutverk EFLU

EFLA er þekkingarfyrirtæki með yfir 50 ára sögu sem veitir fjölbreytta þjónustu og ráðgjöf á öllum helstu sviðum verkfræði, tækni og tengdra greina. Hlutverk EFLU er að koma með lausnir sem stuðla að framförum hjá viðskiptavinum og efla samfélög. Því er samfélagsleg ábyrgð samofin tilgangi fyrirtækisins.

EFLA heldur í heiðri vistvæna áherslu og sjálfbærni í viðfangsefnum sínum og ber virðingu fyrir samfélagi og umhverfi. Metnaður starfsfólks liggur m.a. í að veita viðskiptavinum og samstarfsaðilum framúrskarandi þjónustu og afburðaráðgjöf. Starfsumhverfið er krefjandi þar sem ríkar kröfur eru gerðar til þróunar á nýjum aðferðum og lausnum og gegnir nýsköpun því mikilvægu hlutverki í starfseminni. EFLA heldur úti starfsstöðvum um allt land auk þess að hafa byggt upp starfsemi erlendis og náð þar fótfestu. EFLA á dóttur- og hlutdeildarfélög í sex löndum, en auk Íslands skilgreinir fyrirtækið Noreg sem sinn heimamarkað.

Traustur rekstur er lykilatriði í starfseminni og samkvæmt ársreikningi EFLU námu rekstrartekjur fyrirtækisins, ásamt dótturfélögum, tæplega 13,1 milljörðum króna og þar af voru tekjur erlendu dótturfélaganna um 29% af veltu. EFLA er hlutafélag og eru allir hluthafar starfandi í félaginu. EFLA er eitt af þeim fyrirtækjum á Íslandi sem hlotið hafa viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki hvað varðar rekstur og fjárhagslega stöðu frá upphafi þeirrar viðurkenningar, árið 2010.



„Hlutverk EFLU er að koma með lausnir sem stuðla að framförum hjá viðskiptavinum og efla samfélög.“



Lögð er áhersla á að allt starfsfólk EFLU hafi gildi fyrirtækisins að leiðarljósi í öllu sínu starfi, við ákvarðanatöku og í samskiptum við samstarfsfélaga og viðskiptavini. Þau grundvallarviðhorf og hugmyndir sem liggja að baki fyrirtækjamenningu EFLU endurspeglast skýrt í þremur gildum:

Hugrekki

Öll verkefni eru áskorun um að finna snjallar lausnir – hjá okkur er allt mögulegt.

Samvinna

Við erum samstillt og vinnum náið með viðskiptavinum að framúrskarandi árangri.

Traust

Við byggjum á öflugri þekkingu, reiðum okkur hvert á annað og stöndum við það sem við segjum.

Öll starfsemi EFLU ber þess merki að stjórnkerfi fyrirtækisins eru vottuð og byggjast á gæðastjórnun ISO 9001, umhverfisstjórnun ISO 14001, öryggisstjórnun ISO 45001 og upplýsingaöryggisstjórnun ISO 27001, auk þess sem starfsemin er jafnlaunavottuð.

EFLA er aðili að Global Compact-sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð og styðst við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í stefnumörkun fyrirtækisins. Heimsmarkmiðin eru 17 með 169 undirmarkmiðum og gilda til ársins 2030.

EFLA hefur forgangsraðað fjórum heimsmarkmiðum út frá stefnumiðun fyrirtækisins. Þau tengjast kjarnastarfsemi EFLU og eru samofin stefnumótun félagsins. Þessi markmið eru: **7. Sjálfbær orka, 9. Nýsköpun og uppbygging, 11. Sjálfbærar borgir og samfélög og 12. Ábyrg neysla og framleiðsla.**

Jafnframt er lögð áhersla á heimsmarkmið nr. **5. Jafnrétti kynjanna, 8. Góð atvinna og hagvöxtur og 13. Aðgerðir í loftslagsmálum**.

Í takt við hraðar breytingar og þróun í samfélaginu er teymishugsun kjarninn í samvinnu og starfsumhverfi EFLU. Markmiðið er að skapa skýrari megináherslur í starfseminni, einfaldari uppbyggingu, meiri aðlögunarhæfni, spennandi starfsþróunarmöguleika og lifandi fyrirtæki.

Markaðssvið fyrirtækisins eru fjögur: byggingar, iðnaður, orka og samfélag. Stoðsvið EFLU eru þrjú: mannauður, rekstur og þróun. Á landsbyggðinni eru svæðisskrifstofur EFLU á Norðurlandi, Austurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Suðurlandi. Um 26% starfsfólks EFLU starfar á landsbyggðinni.



Byggingar

EFLA hefur verið í fararbroddi við hönnun mannvirkja, bæði í nýbyggingum og við endurgerð bygginga. Vistvæn sjónarmið eru höfð að leiðarljósi og rík áhersla lögð á nýsköpun og þróun. Sérstaða EFLU felst í mikilli breidd, alhliða þekkingu og hæfni til að koma með óhefðbundnar lausnir í krefjandi verkefnum, t.d. við undirbúning, áætlanagerð, hönnun, eftirlit og verkefnastjórnun.

Vellíðan og heilsa notenda í byggingum er ætíð í forgrunni og tekur hönnunin mið af vönduðu efnisvali, loftgæðum, hljóðvist, orkunýtni og lýsingu. Ávallt er miðað að því að lágmarka umhverfisáhrif bygginga yfir líftíma þeirra til þess að minnka kolefnisspor og stuðla að sjálfbærni.



Iðnaður

Sérfræðingar EFLU hafa alþjóðlega reynslu af verkefnum og ráðgjöf í iðnaði og framleiðslu, þar með talið af stjórnkerfum, vinnsluferlum, stýringum og sjálfvirkni. Við blasir áframhaldandi hröð þróun tengd tækni og stafrænni umbreytingu og EFLA styður viðskiptavini í þeirri vegferð.

EFLA veitir fjölbreytta ráðgjöf í iðnaði til að auka skilvirkni, framleiðni, öryggi, upplýsingagjöf og gæði í vinnsluferlum og þjónustu. Einnig er til staðar yfirgripsmikil þekking á vinnsluferlum og sjálfvirknivæðingu í iðnaði og stjórnkerfum. Unnið er markvisst að þróun snjallra lausna og heildarlausna þar sem gervigreind, róbótatækni og myndgreining gegna mikilvægu hlutverki.



Orka

EFLA veitir heildstæða ráðgjöf við undirbúning, rannsóknir, virkjun, viðhald og eftirlit á sviði endurnýjanlegrar orku sem og flutnings- og dreifikerfi raforkunnar. EFLA hefur mikla alþjóðlega reynslu af hönnun orkuflutningskerfa. Jafnframt býr starfsfólk yfir sterkri faglegri sérhæfingu í orkumálum og hefur áratuga reynslu af hagrænni greiningu og ráðgjöf á sviði orkumála og raforkukerfisins í heild.

Aðgangur að sjálfbærri orku og orkuskipti verða grundvallaratriði í framförum og hagsæld í framtíðinni og lykilþáttur í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. EFLA er leiðandi þátttakandi í þróun lausna og ráðgjafar á þessu sviði.



Samfélag

EFLA hefur það að markmiði að vera lykilþátttakandi í að bæta samfélagið í þeim tilgangi að auka lífsgæði, þróa mikilvæga innviði og styrkja atvinnulífið. Undirstöðuatriði framsækinna lausna byggja á sjálfbærni og opnar stafræn þróun ný tækifæri á öllum sviðum samfélagsins.

EFLA er leiðandi í sjálfbærum lausnum til að bæta samfélagið með umhverfisleg, samfélagsleg og hagræn sjónarmið að leiðarljósi. Þjónustan er fjölbreytt, hún snýr t.d. að stefnumótun í samfélagslegum viðfangsefnum, greiningum, skipulagsgerð, landslagsarkitektúr, umhverfismálum, vatns-, hita- og fráveitum, vistvænum samgöngum og samgöngumannvirkjum, hamfaravörnum og öryggi samfélagsins.





Rekstur


Fjárhagsyfirlit samstæðu 2023–2025
í þús. kr.

Rekstur	2025	2024	2023
Rekstrartekjur	13.110.556	12.266.169	11.013.708
Hagnaður fyrir skatta	1.312.025	1.439.739	1.512.359
Hagnaður ársins	1.093.450	1.136.827	1.223.755


Efnahagsreikningur	31.12.2025	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Fastafjármunir	293.725	295.592	313.456
Veltufjármunir	5.106.674	4.879.011	4.227.615
Eignir	5.400.398	5.174.603	4.541.071
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé meirihlutaeigenda	2.942.797	2.828.470	2.205.198
Hlutdeild minnihluta	4.992	6.026	5.273
Eigið fé	2.947.790	2.834.496	2.210.471
Skuldir	2.452.608	2.340.107	2.330.600
Eigið fé og skuldir	5.400.398	5.174.603	4.541.071

Kennitölur		2024	2023
EBITDA hlutfall	10,0%	11,7%	13,7%
Veltufjárhlutfall	2,08	2,09	1,82
Eiginfjárhlutfall	54,49%	54,66%	45,56%
Hreint veltufé frá rekstri	1.050.812	1.220.218	1.392.768


Tekjur
ma.kr.




Hagnaður
ma.kr.



EBITDA %




Stöðugildi




EFLA
EFLA




Ísafjörður
Siglufjörður
Húsavík
Laugar
Akureyri
Mývatnssveit
Egilsstaðir
Reyðarfjörður
Grundarfjörður
Hvanneyri
Akranes
Höfuðborgarsvæðið
Selfoss
Hella

EFLA um allt land

EFLA leggur mikla áherslu á að bjóða upp á nærþjónustu um allt land. Við bjóðum störf óháð staðsetningu svo starfsfólk geti búið í sinni heimabyggð hvar sem er á landinu, unnið í spennandi verkefnum og tilheyrt öflugum teymum. Á árinu voru tuttugu og einn einstaklingur í slíku teymisfyrirkomulagi innan EFLU.



Starfsstöðvar
Höfuðstöðvar EFLU eru á höfuðborgarsvæðinu, en auk þess hefur fyrirtækið starfsstöðvar í öllum landsfjórðungum.

Höfuðborgarsvæðið
Höfuðstöðvar EFLU eru að Lynghálsi 4 í Reykjavík. Þar starfa 313 sérfræðingar. EFLA á höfuðborgarsvæðinu veitir alhliða ráðgjöf í verkfræði og tengdum greinum.

Suðurland
EFLA á Suðurlandi býður upp á alhliða verkfræðiráðgjöf. Starfsfólk er alls 44 talsins. Starfsstöðvarnar eru á Selfossi og Hellu og meðal verkefna á svæðinu eru ráðgjöf við byggingaframkvæmdir, skipulags- og umhverfismál, lagnahönnun og verkefnastjórnun.

Austurland
EFLA á Austurlandi veitir alhliða ráðgjöf í verkfræði og tækni. Starfsstöðvar EFLU á Austurlandi eru á Egilsstöðum og Reyðarfirði og er starfsfólk 22 talsins. Meðal verkefna á svæðinu eru ráðgjöf í iðnaði, þjónusta við sveitarfélög, raflagnahönnun, byggingareftirlit, skipulagsmál og ofanflóðavarnir.

Norðurland
EFLA á Norðurlandi er staðsett á Akureyri, Siglufirði, Húsavík, Laugum og Mývatnssveit og veitir alhliða ráðgjöf í verkfræði og tækni. Starfsfólk EFLU á Norðurlandi er 26 talsins. Meðal verkefna á svæðinu er ráðgjöf tengd byggingum, hita-, vatns- og fráveitum, gatna-og vegagerð, smávirkjunum og umhverfis- og skipulagsmálum.

Vestfirðir
EFLA á Vestfjörðum veitir ráðgjöf á sviði verkfræði og tækni. Starfsstöð EFLU á Vestfjörðum er á Ísafirði og er starfsfólk alls ellefu talsins. Meðal verkefna eru umhverfis-og skipulagsmál, orkumál og mannvirkjagerð.

Vesturland
Starfsstöðvar EFLU á Vesturlandi eru vítt og breitt um svæðið. Skrifstofur í dag eru á Hvanneyri, Grundarfirði og Akranesi. Starfsfólk á svæðinu er sex talsins, en þar að auki er starfsaðstaðan vel nýtt af heimamönnum sem tilheyra sviðum á Lynghálsi. Meðal verkefna er verkfræði- og ráðgjafarþjónusta í framkvæmdum og byggingum, skipulagsmál, landmælingar, landslagshönnun, kortagerð, merkjalýsingar og iðnaður.

Dótturfélög

Noregur

EFLA í Noregi er leiðandi í ráðgjöf á sviði orkuflutnings. Félagið hefur aukið vægi orkusviðs í starfsemi sinni með markvissum hætti. Lögð er áhersla á hönnun og ráðgjöf í háspennulínum, tengivirkjum og öðrum verkefnum tengdum flutningi og dreifingu raforku. Sérfræðingar EFLU í Noregi vinna einnig að verkefnum á sviði samgangna og annarra verkfræðigreina.

Árið 2025 markaði tímamót í rekstri félagsins. Þrátt fyrir áskoranir og skipulagsbreytingar í upphafi árs styrktist starfsemin þegar á leið, með auknum stöðugleika og skýrari stefnu. Mikill vöxtur var á orkusviði EFLU í Noregi, bæði hvað varðar verkefni, mannauð og aukið samstarf innan EFLU um allan heim.

Félagið tók þátt í stórum orkuflutningsverkefnum fyrir Statnett, Elvia og Aibel sem fól meðal annars í sér þátttöku í háspennuverkefnum á skipulagsstigi. Aðkoma að þess háttar verkefnum styrkir stöðu félagsins í Noregi.

Starfsfólk EFLU í Noregi tók einnig þátt í mikilvægum samgönguverkefnum sem styrkja innviði þar í landi. Frekari miðlun þekkingar milli sérfræðinga EFLU og samvinna milli landa hefur aukið getu félagsins til að leysa flókin og umfangsmikil verkefni.

EFLA í Noregi er vel í stakk búin til áframhaldandi vaxtar. Með auknum fjárhagslegum stöðugleika, meiri sérþekkingu og skýrri framtíðarsýn getur fyrirtækið nú, sem fyrr, lagt sitt að mörkum til uppbyggingar orkukerfisins og innviða í Noregi.


Svíþjóð

EFLA í Svíþjóð er leiðandi í ráðgjöf á sviði orkuflutnings. Fyrirtækið veitir sérhæfða þjónustu við uppbyggingu og þróun á sænska flutningskerfinu, þar sem áhersla er lögð á hönnun háspennulína og þróun nýrra mastragerða, meðal annars fyrir Svenska kraftnät.


Árið 2025 var afar farsælt hjá fyrirtækinu. Teymi EFLU í Stokkhólmi stækkaði og efldist um leið og verkefnum fjölgaði til muna. Þetta skilaði miklum vexti og styrkti stöðu EFLU í Svíþjóð.

Öflug vinnustaðamenning er mikils metin hjá fyrirtækinu og starfsfólki þess. Hjá EFLU í Svíþjóð starfa ungir og metnaðarfullir sérfræðingar í nánu samstarfi við aðra sérfræðinga EFLU samstæðunnar. EFLA í Svíþjóð býr að sterkri verkefnastöðu, traustu samstarfi við lykilviðskiptavini og víðtækri verkfræðilegri þekkingu sem styður við uppbyggingu orkuflutninga í Svíþjóð og gerir EFLU kleift að viðhalda framúrskarandi þjónustu.




Ísland
Noregur
Svíþjóð
Skotland
Danmörk
Pólland
Frakkland





Skotland

EFLA KLSD lýsingarhönnunarstofa í Skotlandi náði á árinu 2025 mikilvægum áföngum í verkefnum, nýsköpun og samstarfi bæði í Bretlandi og á Íslandi. Teymið hefur lagt mikla áherslu á að standa framarlega þegar kemur að tæknilegum úrlausnum, auk þess að vera aðlögunarhæft, sveigjanlegt og sjálfbært í úrlausn verkefna. Allt þetta styrkir stöðu stofunnar sem leiðandi lýsingarhönnunarstofu á alþjóðavettvangi.

Meðal helstu verkefna ársins var lýsingarverkefni við Inverness Castle, sem lauk eftir meira en fimm ára náið samstarf og markvissa þróun. Verkefnið sýnir metnað teymisins fyrir því að skila nýstárlegum lausnum og styrkir orðspor stofunnar í hönnun lýsingar á sögulegum byggingum. EFLA KSLD í Skotlandi hefur jafnframt unnið að lýsingu á öðrum skoskum kennileitum, þar á meðal Glasgow Cathedral.

EFLA KSLD lagði mikla áherslu á nýsköpun og framþróun í verkefnum sínum á árinu 2025. Sérstök verkefni, svo sem samstarf við Royal Botanic Garden Edinburgh, þar sem þróuð voru ljós sem ganga fyrir rafhlöðum, sýna hæfni stofunnar til að sameina skapandi hönnun og trausta tæknilega nálgun.

EFLA KSLD í Skotlandi styrkti einnig tengsl við viðskiptavini á Íslandi og jók samstarf við EFLU á Íslandi sem skilar sér í samfelldari verkefnastjórn á mörkuðum og hefur jákvæð áhrif á verkefnaþróun.



Pólland

EFLA í Póllandi er öflugt verkfræðiráðgjafarfyrirtæki með starfsemi í Łódź og Poznań og gegnir sístækkandi hlutverki við uppbyggingu pólska raforkukerfisins. Þar starfar öflugur hópur sérfræðinga sem vinnur í nánu samstarfi við samstarfsfólk EFLU í öðrum löndum. Starfsemin einkennist af alhliða undirbúningi og hönnun raforkuflutningslína og tengivirkja, þar á meðal tengistöðva, loftlína, jarðstrengja, ljósleiðara og háspennubúnaðar. Meðal helstu viðskiptavina er Polskie Sieci Elektroenergetyczne (PSE) auk rafdreifiveitna víða um Pólland.

Árið 2025 var ár öflugs vaxtar og markvissrar uppbyggingar. Félagið náði 75% vexti milli ára, opnaði nýja skrifstofu í Poznań og styrkti skipulag, innviði og sérþekkingu sína. Samhliða því var ráðist í umbætur á rekstri og stafrænum kerfum til að auka skilvirkni og bæta samhæfingu teymanna. Áhersla var lögð á faglega þróun starfsfólks með skýrum markmiðum um framgang og aukna uppbyggingu hönnunarteyma til að mæta vaxandi verkefnaflóru.

EFLA í Póllandi gegnir lykilhlutverki í nútímavæðingu orkuinnviða landsins. Félagið hefur komið að umfangsmiklum og tæknilega krefjandi verkefnum, þar á meðal uppbyggingu Łódź-hringtengingarinnar, fjölmörgum nýbyggingum og endurbótum tengivirkja. Framundan er vinna við endurbætur á Rogowiec-tengivirkinu, sem er einn lykilhluti pólska flutningskerfisins og tengist raforkuframleiðslu frá Bełchatów raforkuverinu.

Með sterkri stöðu, stækkandi hópi sérfræðinga og skýrri stefnu mun EFLA í Póllandi halda áfram að styðja við orkuskipti og innleiðingu endurnýjanlegra orkugjafa í Póllandi og taka þátt í frekari uppbyggingu raforkukerfisins á komandi árum.



Frakkland

Árið 2025 lagði HECLA áherslu á að tryggja stöðugleika í starfseminni eftir tímabil mikils vaxtar á orkusviðinu. Markmiðið var að styrkja starfsemi, auka stöðugleika og draga úr mögulegri áhættu sem fylgir hraðri uppbyggingu. Verkefnastaða HECLU í Frakklandi var góð á árinu 2025, starfsfólki fjölgaði og sérþekking jókst, sem lagði traustan grunn að áframhaldandi þróun og áreiðanleika í allri starfsemi félagsins.

Helstu verkefni ársins 2025 voru verkfræðileg greining, burðarþolshönnun og stafræn líkanagerð háspennuloftlína. Í nánu samstarfi við viðskiptavini og samstarfsaðila viðhélt HECLA stöðugri verkefnastöðu allt árið. Fjölmörg verkefni voru tæknilega krefjandi og kröfðust nákvæmrar líkanagerðar og traustrar samvinnu verkfræðinga og annarra sérfræðinga. Þrátt fyrir að verkefnin væru innan sérsviðs HECLU kölluðu þau á stöðuga aðlögun að tæknilegum og rekstrarlegum kröfum og sýndi það hæfni fyrirtækisins til að stýra flóknum innviðaverkefnum af fagmennsku.

Með fjölgun starfsfólks á árinu 2025 jókst geta félagsins til að sinna mörgum verkefnum samtímis án þess að draga úr gæðum. Jafnframt var unnið markvisst að innri þróunarverkefnum sem undirbúa félagið fyrir breytingar og langtímaverkefni til framtíðar.

HECLA stefnir á áframhaldandi uppbyggingu teymisins, skýrara skipulag og sterkari verkefnastjórnun. Áhersla verður lögð á að auka tæknilega sérþekkingu og að laga ferla að langri tímalínu fluningsverkefna. Með þessum aðgerðum mun félagið styðja við áframhaldandi vöxt og tryggja stöðu sína sem áreiðanlegur samstarfsaðili í krefjandi verkefnum.

Með áherslu á stöðugleika, gæði og uppbyggingu lagði HECLA traustan grunn árið 2025 fyrir áframhaldandi árangur í Frakklandi og innan EFLU-samstæðunnar.

Danmörk

EFLA Aps, dótturfélag EFLU í Danmörku, var stofnað árið 2024 og er með skrifstofu í Kaupmannahöfn. Innkoma EFLU á danskan markað er langtímaverkefni og hluti af stefnu fyrirtækisins um að ná fótfestu á nýjum mörkuðum þar sem tækifæri er að finna.

Fjölmörg tækifæri felast í því að nýta sérþekkingu starfsfólk EFLU-samstæðunnar á dönskum markaði. Um er að ræða þróunarverkefni til framtíðar við að kynna fyrirtækið, leggja grunn á nýjum markaði, sækja verkefni og byggja upp starfsemi.

Árangur

Framúrskarandi fyrirtæki

Á árinu 2025 var EFLA valið framúrskarandi fyrirtæki 16. árið í röð, samkvæmt mati Creditinfo. Þetta er einstakt afrek sem staðfestir stöðugan árangur og faglega forystu EFLU á íslenskum verkfræðimarkaði. Viðurkenningin er byggð á ströngum skilyrðum sem taka mið af fjárhagslegri stöðu, árangri, stöðugleika og trausti viðskiptavina. Á árinu 2025 voru alls 1.136 fyrirtæki metin og hlutu viðurkenningu, en EFLA náði hæstu einkunn í sínum atvinnugreinaflokki. Á heildarlista allra fyrirtækja var EFLA í 49. sæti, en í 1. sæti meðal fyrirtækja sem sinna sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi.

Steinsteypuverðlaunin 2025

Nýr Landsbanki

Bygging nýs Landsbanka hlaut Steinsteypuverðlaunin 2025 fyrir hönnun og ráðgjöf. EFLA kom að ráðgjöf og þjónustu á öllum stigum verkefnisins, allt frá skipulagi og verkfræðihönnun til eftirlits, BREEAM umhverfisvottunar og gæðastjórnunar framkvæmda.

Guðrún Jónsdóttir, sérfræðingur á byggingarsviði EFLU tók við Steinsteypuverðlaununum 2025.



Íslensku hljóðvistarverðlaunin

Leikskólinn Aldan á Hvolsvelli

Starfsfólk EFLU sá um hljóðhönnun leikskólans Öldunnar á Hvolsvelli, sem hlaut Íslensku hljóðvistar-verðlaunin. Verkefnið fól í sér að hanna hljóðumhverfi sem eykur vellíðan barna og starfsfólks með áherslu á heilsusamlegt, þægilegt og öruggt rými. Sérfræð-ingar EFLU sameinuðu verkfræði, innanhúss- og hönnunarnálgun ásamt notendamiðaðri nálgun til að tryggja að hljóðvist væri bæði faglega rétt og hvetjandi fyrir leik og nám.

Jafnvægisvog FKA

EFLA hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogar FKA þriðja árið í röð fyrir að hafa jafnað kynjahlutfall í framkvæmdastjórn félagsins. Í stjórn EFLU sitja jafnmargar konur og karlar, sem tryggir jafnrétti í ákvörðunartöku.



Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannauðs, og Guðmar Guðmundsson, fjármálastjóri EFLU, tóku við viðurkenningu Creditinfo fyrir hönd EFLU.

Viðburðir

Framadagar 2025
EFLA kynnti starfsemi sína fyrir nemendum í verk-fræði og tæknigreinum á Framadögum í Háskólanum í Reykjavík. Með þátttöku í Framadögum er starfsemi fyrirtækisins kynnt fyrir framtíðarstarfsfólki og eins vakin athygli á sumarstörfum fyrir háskólanema.

Vinnustofa fyrir Hringrásargarð
Vinnustofan var liður í því að móta framtíðarsýn og stefnu fyrir Hringrásargarð á Álfsnesi með áherslu á nýsköpun, sjálfbærni og hringrásarhugsun. Hagaðilar kortlögðu möguleg viðskiptatækifæri sem styðja við þróun svæðisins og rýna í mismunandi sviðsmyndir fyrir garðinn sem byggja á þeim tækifærum.

Sensa-dagurinn
Sérfræðingar EFLU kynntu nýjustu hugbúnaðarlausnir fyrirtækisins og veittu innsýn í hvernig þær geta stuðlað að framþróun í tækni og rekstri fyrirtækja.

Starfamessa á Akureyri
Þátttaka í messunni gaf EFLU tækifæri til að kynna starfsemi sína fyrir framtíðarstarfsfólki. Messan styrkti tengsl við nemendur og nýja sérfræðinga og sýndi hvernig fyrirtækið leggur áherslu á að laða til sín hæft og áhugasamt fólk.

Orkuspár sem vísa veginn – Málþing EFLU
Með málþinginu fór fram faglegt samtal milli sérfræð-inga og hagsmunaaðila, auk þess sem áhersla var lögð á sjálfbærni og framtíðarsýn í orku-, umhverfis- og mannvirkjamálum. Málþingið, sem var gríðarlega vel sótt, var vettvangur fyrir nýjar lausnir og samstarf í greininni.

Frá Framadögum 2025.



Umhverfisráðstefna Austurlands
EFLA lagði áherslu á sjálfbærni og ábyrga nýtingu auð-linda á ráðstefnunni. Þátttakan sýndi hvernig fyrirtækið miðlar þekkingu á vistvænum lausnum í orku- og mann-virkjamálum.

Málþingið „Byggjum til framtíðar“
Rannsóknaráðstefna lagði áherslu á nýsköpun, öryggi og sjálfbærni í byggingum og innviðum. Þátttakendur fengu fræðslu og ráðgjöf um hvernig hægt er að hanna og byggja með sjálfbærni og framtíðarhugsun í forgrunni.



Vinnustofa fyrir Hringrásargarð á Álfsnesi.

Samorkuþing 2025
Þátttaka EFLU fólst í pallborðsumræðum og erindum og sýndi faglega forystu í orkuskiptum og nýrri tækni. Einnig stóð EFLA fyrir vinnustofu um áhrifamat vatnshlota.

Tengslafundur Festu, miðstöðvar um sjálfbærni
EFLA bauð aðilum Festu í heimsókn og tók þátt í umræðum um samfélagsábyrgð og loftslagsmarkmið. Þar var kastljósinu beint að sjálfbærni í starfsemi og verkefnum EFLU.

Brunatæknifélag Íslands
Sérfræðingar EFLU í brunahönnun og Brunatæknifélag Íslands héldu morgunfund í höfuðstöðvum EFLU. Á fundinum var sjónum beint að brunanum í Kringlunni árið 2024, tölfræði eldsvoða og nýjum leiðbeiningum um lagningu þakpappa. Fundurinn var frábært tækifæri til að miðla þekkingu og ræða nýjustu áskoranir og lausnir í brunavörnum.

NVF Bridges Seminar 2025
Kynning á nýjustu lausnum í brúarhönnun sýndi alþjóðlega faglega forystu EFLU og getu fyrirtækisins til að miðla nýjum lausnum og tækni á alþjóðlegum vettvangi.

Álklasaferð til Kanada
Fagleg verkefnisheimsókn styrkti tengsl og þekkingu í alþjóðlegri samvinnu um málm- og iðnaðargeirann og veitti innsýn í nýjustu þróun og samstarf í iðnaði.

Lagarlíf
Sérfræðingar EFLU voru meðal þátttakenda á ráðstefnu Lagarlífs, sem er helsti vettvangur fagfólks í lagareldi og sjávarútvegi, til að ræða áskoranir, tækifæri og nýjungar í greinunum. Þar var kynnt víðtæk þjónusta EFLU við lagareldis- og sjávarútvegsgeirann.

Loftslagsdagurinn
Sérfræðingur EFLU flutti erindið „Árangur aðgerða – Eigum við erindi sem erfiði?“ á ráðstefnu þar sem þemað var Framtíð í jafnvægi – Hvernig finnum við jafnvægi milli náttúru og aðgerða?

Vísindaferð fyrir háskólanema
Heimsókn nemenda til höfuðstöðva EFLU gaf innsýn í starfsemi fyrirtækisins, verkefni og hvernig raunveruleg verkfræðileg verkefni eru unnin, sem styrkir fræðslu og tengsl við framtíðarstarfsfólk.

Kvennafrídagurinn
Starfsfólk EFLU tók þátt í viðburði sem styrkir jafnrétti og eykur meðvitund um kynjajafnrétti og samfélagslega ábyrgð innan fyrirtækisins.

Bleiki dagurinn
Bleiki dagurinn styrkir vitund starfsfólks um heilsu og velferð. Með þátttöku á deginum sýnir EFLA ábyrgð í verki gagnvart starfsfólki og samfélaginu sem heilsueflandi vinnustaður.

Sérfræðingar EFLU á Samorkuþingi 2025.





Frá Vísindaferð hjá EFLU 2025.



Frá morgunfundi Brunatæknifélags Íslands og sérfræðinga EFLU í brunahönnun.

Morgunkaffi Klappa

Sérfræðingur EFLU ræddi þar um mikilvægi þess að byggja á traustum gögnum, skýru skipulagi og virku samstarfi til að ná raunverulegum árangri í sjálfbærni. Alþjóðleg ráðstefna Hydro, Grikklandi

Þátttaka sérfræðinga EFLU á ráðstefnunni styrkti alþjóðlega ímynd fyrirtækisins þegar kemur að sjálfbærni, orkuskiptum og nýsköpun í orku- og verkfræðimálum.

Námskeið um kolefnisspor bygginga

Sérfræðingar EFLU buðu upp á námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands um kolefnisspor bygginga. Námskeiðið var hugsað fyrir þau sem vildu afla sér þekkingar og hæfni til að meta kolefnisspor bygginga í samræmi við breytta byggingarreglugerð sem tók gildi 1. september 2025.

Vinnustofa um álagsdreifingu umferðar á höfuðborgarsvæðinu

Faglegur umræðuvettvangur sem stuðlaði að auknu skipulagi og betri hönnun samgangna á höfuðborgarsvæðinu auk þess að styrkja innviði og sýna fram á faglega nálgun EFLU á lausn samfélagslegra áskoranna.


Rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar

Sérfræðingar EFLU héldu kynningar á rannsóknarverkefnum sem hlutu styrk frá sjóðnum auk þess sem fjölbreyttu rannsóknar- og þróunarstarfi var miðlað.

Framtíð á Bakka

Sérfræðingar EFLU voru þátttakendur á ráðstefnu um framtíð Bakka á Húsavík. Þetta styrkti styrkti stöðu EFLU á Norðurlandi sem hluti af umræðunni um áskoranir og lausnir í nærsamfélaginu.

Alexandra Kjeld og Ása Rut Benediktsdóttir, sérfræðingar í umhverfismálum og vottunum hjá EFLU stóðu að námskeiði um kolefnisspor bygginga.





Nýsköpun

EFLA leggur ríka áherslu á nýsköpun og þróun lausna sem styðja við sjálfbær og snjallari samfélög. Með fjölbreyttum rannsóknar- og þróunarverkefnum vinnur EFLA að framþróun í orkumálum, hringrásarhagkerfi, samgöngum, stafrænni þróun og loftslagsaðgerðum. Verkefnin eru fjölbreytt og spanna allt frá fýsileika-greiningum, vetnisgasveitu og endurnýtingu úrgangs til þróunar kortalausna og snjallforrita. Í samstarfi við stofnanir, fyrirtæki og sveitarfélög nýtir EFLA sérfræðiþekkingu sína til að skapa hagnýtar og sjálfbærar lausnir sem bæta lífsgæði og stuðla að umhverfisvænni framtíð.



Fleyting vikursalla sem umhverfisvæn flutningsaðferð

EFLA framkvæmdi tæknilega og viðskiptalega greiningu á fleytingu vikursalla sem sjálfbærum valkosti í flutningum. Markmiðið var að meta fleytieiginleika, slit á kerfi og arðsemi aðferðarinnar út frá hlutfalli vatns og vikurs.

Tilraunir voru framkvæmdar í 20 metra löngu fleytikerfi þar sem prófuð voru mismunandi vatns- og vikurhlutföll við breytilegan halla. Í kjölfarið var slit á kerfinu metið til að leggja grunn að vali á efni og frekari þróun.

Sérfræðingar á rannsóknarstofu og teymi viðskipta-þróunar hjá EFLU skipulögðu og stýrðu verkefninu, sem var að fullu fjármagnað af EP Power Minerals Iceland í samstarfi við EP Power Minerals Germany. Tilraunum á Íslandi er lokið og unnið er að mati á næstu skrefum, meðal annars varðandi efnisval og mögulega stækkun kerfisins, þar sem rennsli gæti numið allt að 3.600 lítrum á sekúndu.

„Í samstarfi við stofnanir, fyrirtæki og sveitarfélög nýtir EFLA sérfræðiþekkingu sína til að skapa hagnýtar og sjálfbærar lausnir sem bæta lífsgæði og stuðla að umhverfisvænni framtíð.“





Fokgirni og bindieiginleikar vikurs

EFLA framkvæmdi rannsókn á fokgirni vikurs með það að markmiði að greina við hvaða vindhraða efnið fer að fjúka, með hliðsjón af rakastigi og bindieiginleikum. Niðurstöðurnar eru mikilvægar fyrir örugga meðhöndlun og geymslu efnisins.

Vikri var komið fyrir í vindgöngum hjá Verkfræðideild Háskóla Íslands þar sem framkvæmdar voru mismunandi keyrslur við breytilegar aðstæður. EFLA skipulagði, stýrði og rak tilraunina í samstarfi við Rannsóknarstofu HÍ og Viðskiptaþróun.

Verkefnið var að fullu fjármagnað af EP Power Minerals Iceland í samvinnu við EP Power Minerals Germany og er nú lokið. Niðurstöður sýna að nauðsynlegt er að byggja yfir efnisgeymslu við útflutningshöfn, þar sem vindhraði fer reglulega yfir þau mörk sem valda foktapi.

Flutningskerfi framtíðar

EFLA vinnur að þróun verkfæra og verkferla til að meta heildstæð áhrif uppbyggingar vindorku á íslenska raforkukerfið. Markmiðið er að móta vegvísi um nauðsynlega uppbyggingu, rekstur og rannsóknir til að auka getu flutningskerfisins til að taka við aukinni vindorkuframleiðslu.

Þróað var nýtt greiningarverkfæri í Python sem metur hvernig breytileiki í vindorkuframleiðslu leggst á línur kerfisins og varpar ljósi á veika hlekki þess. Verkfærið gerir notendum kleift að greina mismunandi sviðsmyndir uppbyggingar og meta hversu mikla vindorku hver þeirra ræður við. Verkefnið er unnið á orkusviði EFLU í Reykjavík og felur í sér þróun aðferða til kerfisgreininga samhliða hönnun verkfærisins.

Landsnet er samstarfsaðili verkefnisins og hefst annar fasi í febrúar 2026, þar sem áfram verður unnið að þróun og útfærslu greiningaraðferða og -verkfæra til ársloka 2026.

Samgöngur – næstum því slys og slysagögn

EFLA vinnur rannsóknarverkefni þar sem næstum því slys eru borin saman við skráð slysagögn í gagnagrunni Samgöngustofu til að kanna hvort tegund og tíðni næstum því slysa samræmist skráðum slysum. Gögnin ná til næstum því slysa sem greind hafa verið fyrir Reykjavíkurborg og Vegagerðina árin 2024–2025.

Verkefnið felur í sér ítarlega greiningu á ferlum ökutækja, þar sem myndbandsgögn eru unnin með gervigreind Miovision til að meta tíma milli skurðpunkta og hraða ökutækja. Hvert atvik er flokkað eftir alvarleikastigi út frá þessum gögnum. Verkefnið er í vinnslu hjá samfélagssviði EFLU með stuðningi Rannsóknarsjóðs Vegagerðarinnar og er áætlað að því ljúki í lok árs 2026.

Úr skógi

Verkefnið „Úr skógi“ hjá EFLU miðar að því að kanna fýsileika úrvinnsluleiða fyrir nytjaafurðir úr íslenskum skógum og þróa leiðir til að skapa verðmæti úr hráefnum sem fást við grisjun og nýtingu. Í fyrsta áfanga verkefnisins voru hugmyndir flokkaðar ítarlega í flokka eins og timburvörur, hliðarafurðir, sértækar vörur, orka, matur, drykkir og upplifanir. Hugmyndirnar voru síðan metnar út frá raunhæfni, markaði og aðstæðum, með það að markmiði að greina þær vörur sem líklegastar eru til að verða arðbærar.

EFLA stýrði verkefninu í samvinnu við Félag skógarbænda á Suðurlandi og í samráði við LOGS, LHÍ og félag vöruhönnuða, með stuðningi frá Sóknaráætlun Suðurlands. Fyrsta áfanga verkefnisins er lokið og áframhaldandi vinna mun helst snúa að þróun úrvinnsluleiða og frekari verðmætasköpun úr skógarnytjum.

Samgöngumat – leiðbeiningar Vegagerðarinnar

Verkefnið snýr að þróun leiðbeininga fyrir gerð samgöngumats vegna uppbyggingar- og skipulagsverkefna sem geta haft áhrif á samgöngur. Markmiðið er að tryggja samræmdar, faglegar og aðgengilegar greiningar sem meta áhrif nýrra áforma á samgöngukerfið á heildstæðan hátt, með tilliti til umfangs og mögulegra áhrifa.

Í samstarfi við Vegagerðina vann EFLA að gerð leiðbeininganna með stuðningi við innlendar og erlendar fyrirmyndir. Leiðbeiningarnar fjalla um hvernig meta skuli hvort verkefni krefjist samgöngumats og ákveða umfang þess. EFLA stýrði vinnunni, stillti upp grunni að leiðbeiningunum sem voru rýndar af Vegagerðinni og að lokum gefnar út í febrúar 2026 með stuðningi Rannsóknarsjóðs Vegagerðarinnar.



Bætt nýting glatvarma og landgæða

Markmið verkefnisins var að meta hvernig best væri að byggja upp innviði og ákjósanlegan búnað fyrir heilsársþurrkun og kögglun á lífrænum hráefnum og kanna hvaða hráefni henta fyrir slíka starfsemi, til dæmis gras, korn, hálmur og grisjunarviður. Sérstaklega var horft til nýtingar glatvarma frá mismunandi orkuuppsprettum til að hámarka skilvirkni búnaðarins.

Verkefnið skiptist í þrjá meginkafla: greiningu á hráefnum og viðskiptatækifærum til að nýta búnað allan ársins hring, kortlagningu framboðs og möguleika á nýtingu glatvarma við Húsavík og rannsókn á hentugum þurrkunarbúnaði fyrir tilraunaframleiðslu á grasköggum samhliða kornþurrkun.

EFLA leiddi verkefnið í samstarfi við GG2023, sem undirbýr uppbyggingu grasköggla- og kornþurrkunarstöðvar í Þingeyjarsýslu. Verkefninu lauk í árslok 2025 og næsta skref er uppbygging pilotstöðvar við Húsavík.

Áhrif og þróun deilirafhlaupahjóla á ferðavenjur á Íslandi

Verkefnið kannar hvernig deiliþjónusta rafhlaupahjóla frá Hopp hefur áhrif á ferðavenjur og ferðamynstur á Íslandi. Markmiðið er að afla nýrra gagna og framkvæma greiningar sem byggja á fyrri rannsókn, Áhrif örflæðis á ferðavenjur á Íslandi frá 2020, en þar var sérstaklega skoðuð notkun rafhlaupahjóla og viðhorf notenda.

Verkefnið felur í sér viðhorfskönnun meðal notenda og ítarlega gagnagreiningu í samstarfi við Hopp. EFLA sér um stýringu og framkvæmd verkefnisins á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið er í vinnslu og áætlað að því ljúki á árinu 2026, með stuðningi frá Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar.

Þróun almenningssamgangna á og við höfuðborgarsvæðið

Rannsóknin varpar ljósi á notkun og þróun almenningssamgangna til höfuðborgarsvæðisins og frá því með áherslu á svæði eins og Akranes, Hveragerði, Selfoss og Reykjanesbæ. Markmiðið er að þróa ástandsvísa sem mæla umferð inn á höfuðborgarsvæðið frá jaðarsvæðum og hlutverk almenningssamgangna í því samhengi, til að aðstoða Vegagerðina og stjórnvöld við að setja mælanleg markmið og skipuleggja framtíðarþróun.

Verkefnið byggir á heimildavinnu, gagnavinnslu og hefðbundinni rannsóknarvinnu. EFLA sér um stýringu og framkvæmd á Suðvesturhorninu. Verkefnið er í vinnslu og áætlað að því ljúki á árinu 2026, með stuðningi frá Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar.

Samanburður samgöngulíkans höfuðborgarsvæðisins og raungagna

Verkefnið fólst í því að meta áreiðanleika samgöngulíkans höfuðborgarsvæðisins með samanburði á umferðarspám líkansins fyrir árið 2024 og raunverulegum umferðargögnum. Markmiðið var að greina hversu vel líkanið endurspeglar raunverulega umferð, greina kerfisbundin frávik og bera kennsl á þarfir til umbóta. Niðurstöðurnar styrkja notagildi líkansins sem trausts verkfæris við stefnumótun og ákvarðanatöku í samgöngu- og skipulagsmálum.

Verkefnið byggði á heimildavinnu, gagnavinnslu og hefðbundinni rannsóknarvinnu. EFLA stýrði verkefninu og sá um framkvæmd á höfuðborgarsvæðinu. Verkefninu lauk í desember 2025 með stuðningi frá Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar.



Samfélagsleg ábyrgð

Global Compact-sáttmáli Sameinuðu þjóðanna

EFLA skrifaði undir Global Compact-sáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 2015 og skuldbatt sig þannig til að fylgja þeim tíu grundvallarviðmiðum sáttmálans um samfélagslega ábyrgð sem snúa að mannréttindum, vinnumarkaði, umhverfi og baráttu gegn spillingu.

Ársskýrsla EFLU inniheldur upplýsingar um árangur fyrirtækisins í samræmi við viðmið Global Compact. Áhersla fyrirtækisins á samfélagslega ábyrgð hefur vaxið jafnt og þétt og er rauður þráður í stefnumiðun þess sem og áhersluþáttur í þeirri ráðgjöf sem fyrirtækið veitir út á við.

Festa, miðstöð um sjálfbærni

EFLA er aðili að Festu, miðstöð um sjálfbærni, og skrifaði undir sameiginlega yfirlýsingu íslenskra fyrirtækja og stofnana um markmið í loftslagsmálum í nóvember 2015. EFLA skuldbindur sig til að taka þátt í hvatningu um ábyrgð í umhverfismálum heimsins og fylgir loftslagsstefnu sem hefur það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka myndun úrgangs.

Nordic Built og Grænni byggð

EFLA var fyrsta verkfræðistofan á Íslandi sem skrifaði undir sáttmála Nordic Built. Sáttmálinn hvetur til þróunar á samkeppnishæfum lausnum í vistvænni mannvirkjagerð. Markmið Nordic Built er að fá byggingariðnaðinn til að sameinast um að nýta sérþekkingu sína til að mæta aukinni eftirspurn eftir vistvænni mannvirkjagerð í heiminum og vera leiðandi í nýsköpun, grænum hagvexti og velferð. EFLA er einnig stofnaðili og þátttakandi í stjórn sem og virkur félagi í félagasamtökum Grænni byggðar, sem er vettvangur um sjálfbæra þróun byggðar með það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif frá mannvirkjagerð, rekstri og niðurrifi.

Samfélagssjóður

Samfélagssjóður EFLU veitir styrki til uppbyggjandi og jákvæðra verkefna sem nýtast samfélaginu. Umsóknir eru metnar út frá markmiðum sjóðsins, markmiðum EFLU og áherslum valnefndarinnar hverju sinni.



Fulltrúar þeirra verkefna sem fengu vorúthlutun úr Samfélagsjóði EFLU 2025 ásamt þáverandi framkvæmdarstjóvra Sæmundi Sæmundssyni.



EFLA og Klappir sameina krafta sína: F.v. Eva Yngvadóttir, sérfræðingur á samfélagssviði hjá EFLU, Hulda Þórhallsdóttir, framkvæmdastjóri þjónustu hjá Klöppum, Helga J. Bjarnadóttir, sviðsstjóri samfélagssviðs hjá EFLU og Íris Rún Karlsdóttir, framkvæmdastjóri samstarfs hjá Klöppum.

Háskólasamfélagið

EFLA leggur mikið upp úr góðum tengslum við háskólasamfélagið, bæði með því að leggja til starfsfólk til að sinna hlutverki leiðbeinenda í loka-verkefnum og því að sinna stundakennslu í háskólunum. EFLA hefur gert samstarfssamning við háskólana og tekur við nemendum í starfsþjálfun til að sinna ákveðnum verkefnum.

EFLA leggur áherslu á að laða að efnilega háskólanema og mögulegt framtíðarstarfsfólk til starfa og síðasta sumar voru 25 háskólanemar ráðnir til fyrirtækisins sem sumarstarfsfólk.

Votlendissjóður

EFLA er einn af stofnaðilum Votlendissjóðs og er þátttakandi í stjórn sjóðsins. EFLA hefur meðal annars tekið þátt í að móta aðferðafræðina við mat á árangri endurheimtar votlendis og útfærslu vöktunar.

Drift EA

EFLA er einn af aðilum kjarnateymis Drift EA, nýsköpunar- og frumkvöðlasamfélags á Akureyri sem hefur það að markmiði að styðja við þróun hugmynda, fyrirtækja og nýsköpunar á Norðurlandi. Með þátttöku sinni leggur EFLA til sérþekkingu og reynslu í ráðgjöf, tengslamyndun og þróun verkefna og tekur virkan þátt í að styðja frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtæki sem starfa innan Drift EA. Samstarfið fellur vel að stefnu EFLU um að efla nýsköpun, styrkja atvinnulíf á landsbyggðinni og byggja upp öflugt þekkingar-samfélag í nærumhverfinu.

Samstarf við Klappir

EFLA hóf samstarf við hugbúnaðarfyrirtækið Klappir. Markmið samstarfsins er að sameina hugbúnaðarlausnir Klappa og sérfræðiráðgjöf EFLU til að styðja fyrirtæki og stofnanir í sjálfbærniuppgjöri.

Með samstarfinu er ætlunin að veita viðskiptavinum alhliða þjónustu við utanumhald og uppgjör sjálfbærni í rekstri. Þannig má greina hvar tækifæri eru til að bæta rekstur með tilliti til kolefnisspors og annarra umhverfisáhrifa.



Viðskiptahættir

Mannréttindi

EFLA fylgir stefnu um sanngjarna samkeppni. Þar kemur fram að EFLA styður og virðir mannréttindi í samræmi við mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. EFLA lítur svo á að mannréttindi snerti alla og tekur ekki þátt í mannréttindabrotum annarra enda er sérhver manneskja borin frjáls og jöfn öðrum að virðingu og réttindum, líkt og fram kemur í yfirlýsingunni. Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna er einnig að finna ákvæði um helstu mannréttindi, svo sem réttinn til lífs, frelsis og mannhelgi, bann við pyntingum, þrælahaldi og mismunun, réttinn til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og rétt til menntunar og heilbrigðis. EFLA heldur þessi gildi í heiðri og þannig virðir fyrirtækið réttindi og reisn starfsfólks og viðskiptavina sem og samfélagsins alls.

Gegn spillingu

Í öllu starfi EFLU er leitast við að koma ávallt fram af sanngirni og heilindum, hvort sem er í samskiptum við viðskiptavini, starfsfólk eða aðra þá sem fyrirtækið hefur samskipti við. Þannig eru mútur eða spilling af einhverju tagi ekki liðin, hvorki beint né óbeint, í samræmi við stefnu EFLU um mútur og spillingu. Þá er starfsfólki með öllu óheimilt að bjóða, lofa, gefa, falast eftir, krefjast eða þiggja, hvort sem er með beinum eða óbeinum hætti, neitt sem talist getur til óeðlilegra hagsbóta fyrir þá sjálfa eða EFLU. Öllu starfsfólki er gert að gæta þess að athafnir þeirra og hagsmunir rekist ekki á við ábyrgð þeirra hjá EFLU. Einnig er mikilvægt að starfsfólk reyni eftir fremsta megni að forðast aðstæður sem hægt væri að túlka sem hagsmunaárekstur.

Trúnaðarupplýsingar

Starfsfólk EFLU leggur sig fram við að meðhöndla trúnaðarupplýsingar af virðingu og varkárni í samræmi við persónuverndarstefnu fyrirtækisins. EFLA stundar fagleg vinnubrögð í samskiptum við viðskiptavini og samstarfsaðila ásamt því að fylgja gæðastöðlum fyrirtækisins í öruggri vistun og meðhöndlun trúnaðargagna. Starfsfólki ber einnig að sýna viðeigandi aðgát þegar það ræðir trúnaðarmál við samstarfsfólk, samstarfsaðila og viðskiptavini.

Samstarf við birgja og þjónustuaðila

Í samstarfi við birgja og þjónustuaðila leitast EFLA við að ná gagnkvæmum ávinningi en jafnframt að lágmarka áhættu. Slíkt samstarf er áhættugreint og þeir aðilar sem geta haft veruleg bein áhrif á þjónustu EFLU, orðspor og möguleika á að ná settum markmiðum eru ryndir sérstaklega. Samningar eru gerðir um samstarfið og árangur metinn reglulega.

Regluverk

Starfsfólk EFLU er skuldbundið til að fara eftir lögum og reglugerðum á viðeigandi viðskiptasvæðum fyrirtækisins. Starfsfólk skal þekkja viðeigandi lög og ætlast er til þess að allir samstarfsaðilar starfi einnig samkvæmt lagalegum kröfum og stöðlum um ábyrga og heilbrigða viðskiptahætti. Starfsfólk EFLU skal fara að gildandi samkeppnislögum í hverju landi þar sem fyrirtækið er í viðskiptum.


„Starfsfólk EFLU er skuldbundið til að fara eftir lögum og reglugerðum á viðeigandi viðskiptasvæðum fyrirtækisins.“

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (Taxonomy)

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Tilgangur reglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær út frá tæknilegum matsviðmiðum sem koma fram í framseldri reglugerð ESB 2021/2139 og á að stuðla að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf. Til þess að fyrirtæki geti talist umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar þurfa þau að uppfylla viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi skv. 3. gr. reglugerðarinnar. Í fyrsta lagi þarf atvinnustarfsemin að stuðla verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum og á sama tíma má hún ekki skaða önnur markmið. Hún þarf að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir og að lokum að hlíta tæknilegum matsviðmiðum.

Umhverfismarkmiðin eru sex:

1. Mildun loftslagsbreytinga
2. Aðlögun að loftslagsbreytingum
3. Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda
4. Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi
5. Mengunarvarnir og eftirlit með mengun
6. Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa

Tæknileg matsviðmið fyrir mildun og aðlögun loftslagsbreytinga hafa verið innleidd með framseldri reglugerð ESB 2021/2139 og atvinnustarfsemi sem þar er tiltekin fellur undir upplýsingaskyldu á Íslandi. Framseld reglugerð ESB 2023/2486 um önnur umhverfismarkmið og framseld reglugerð ESB 2023/2485 um uppfærslu á loftslagsmarkmiðum tóku gildi á Íslandi 1. janúar 2025.

Sem hluta af einföldunarpakka ESB (EU Omnibus simplification package) var gefin út framseld reglugerð (EU) 2026/73 þann 4. júlí 2025, með möguleika á frestun til 1.1.2026. Fjallar hún um breytingu á framseldri reglugerð ESB 2021/2178 að því er varðar einföldun framsetningar upplýsinga sem ber að birta um umhverfislega sjálfbæra starfsemi og á framseldum reglugerðum ESB 2021/2139 og ESB 2123/2486 að því er varðar einföldun tiltekinna tæknilegra matsviðmiða við ákvörðun á því hvort starfsemi valdi umtalsverðu tjóni. Reglugerðin hefur ekki verið innleidd hér á landi. Því til viðbótar vinnur Framkvæmdastjórn Evrópu að enn frekari einföldun á tæknilegum matsviðmiðum sem er ætlað að styðja við einföldun regluverksins og er áætlað að þær breytingar komi til með að gilda í Evrópu fyrir fjárhagsárið 2026.

Til þess að starfsemi teljist samræmd, og þar með að hún uppfylli skilyrði flokkunarreglugerðarinnar um að vera umhverfislega sjálfbær, þarf hún annars vegar að fela í sér verulegt framlag (e. substantial contribution) og hins vegar að valda ekki umtalsverðu tjóni (e. do no significant harm), auk þess að uppfylla lágmarksverndarráðstafanir. Kröfurnar eru ítarlegar og ljóst að ef fyrirtæki vilja lýsa því yfir með góðri samvisku að markmiðin séu uppfyllt, og þannig að slíkt standist skoðun, þarf mikil grunnvinna að hafa átt sér stað.

Verulegt framlag til umhverfismarkmiða felur í sér að starfsemin uppfyllir ákveðin sértæk tæknileg viðmið sem eiga við um allavega eitt umhverfismarkmið. Um leið má starfsemin ekki valda umtalsverðu tjóni á öðrum umhverfismarkmiðum.

Gerð er krafa um að fyrirtæki birti hlutfall veltu fjárfestingagjalda og rekstrargjalda fyrir nýliðið rekstrartímabil á hæfri starfsemi, þ.e. starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina. Auk þess skal fyrirtækið birta sömu lykilmælikvarða fyrir starfsemi sem uppfyllir öll viðmið reglugerðarinnar og telst vera samræmd starfsemi eða umhverfislega sjálfbær starfsemi.

EFLA hf. sem stór samstæða í skilningi ársreikningalaga fellur undir flokkunarreglugerðina. Kjarnastarfsemi EFLU fellur undir M71.12.1, starfsemi verkfræðinga, skv. ÍSAT 2008 atvinnugreinaflokkun. EFLA hefur innleitt verkferla til að uppfylla lágmarksráðstafanir flokkunarreglugerðarinnar, sem fylgja viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, leiðbeinandi meginreglum Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi auk átta grundvallarsamþykkta í yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO). Vettvangur um sjálfbær fjármál hefur skilgreint kjarnaviðfangsefni út frá þessum kröfum: mannréttindi, spilling og mútur, skattlagning og sanngjörn samkeppni. Nú þegar hafa mörg af þessum viðmiðum verið innleidd í íslensk lög. EFLA styður og virðir mannréttindi í samræmi við mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna auk þess að viðhafa sanngjarna viðskiptahætti í allri starfsemi fyrirtækisins og aðfangakeðjum. EFLA starfar m.a. samkvæmt skattastefnu, stefnu um mútur og spillingu, stefnu um sanngjarna samkeppni, mannauðsstefnu og jafnréttis- og jafnlaunastefnu.

EFLA er þekkingarfyrirtæki, sem veitir fjölbreytta þjónustu á öllum helstu sviðum verkfræði, tækni og tengdra greina. Starfsfólk EFLU vinnur árlega að mörg þúsund verkefnum og því þarf mjög mikil grunnvinna að fara fram til að ákvarða þau verkefni sem annars vegar falla undir flokkunarreglugerðina og hins vegar verkefni sem teljast samræmast viðkomandi tækniviðmiðum. Mjög takmarkaður hluti starfseminnar fellur undir núverandi flokkunarreglugerð sem er í stöðugri þróun, sbr. einföldunarpakka ESB. Því var að þessu sinni ekki gerð greining á verkefnum, fyrir rekstrarárið 2025 , m.t.t. þess hvort þau falli undir flokkunarreglugerðina né var mat lagt á hvort verkefnin samræmist tækniviðmiðum flokkunarreglugerðarinnar, þ.e. að verkefnin teljist umhverfissjálfbær skv. viðmiðum flokkunarreglugerðarinnar. Má hér nefna að árið 2024 var velta í verkefnum sem féllu undir flokkunarreglugerðina um 2,9% af veltu þess árs, í verkefnum með veltu yfir fimm milljónir. Engin rekstrar- né fjárfestingargjöld EFLU árið 2025 falla undir flokkunarreglugerðina.

Dæmi um flokka reglugerðarinnar sem verkefni EFLU gætu fallið undir eru:

Verkefni sem hafa verulegt framlag til mildunar loftslagsbreytinga:

4.5 Raforkuframleiðsla úr vatnsorku
4.25 Framleiðsla á varma/kælingu úr glatvarma
5.2. Endurnýjun vatnsöflunar-, vatnshreinsi- og vatnsveitukerfa
5.4 Endurnýjun skólpsöfnunar- og -hreinsunarkerfa
6.13 Grunnvirki fyrir ferlimál einstaklinga, nytjahjólaflutningastjórnun
6.15 Grunnvirki sem gera flutninga á vegum og almenningssamgöngur með litla losun kolefna möguleg
9.3 Sérfræðiþjónusta tengd orkunýtingu bygginga

Verkefni sem hafa verulegt framlag til aðlögunar á loftslagsbreytingum

9.1 Verkfræðistarfsemi og tengd tæknileg ráðgjöf sem miðast við aðlögun að loftslagsbreytingum



Menning EFLU






EFLA hefur á að skipa hæfu, reynslumiklu og áhugasömu starfsfólki sem starfar á fjölbreyttum sviðum. EFLU þykir mikilvægt að veita starfsfólki sínu svigrúm til að þróast í starfi og sýna sjálfstæði og frumkvæði. Þannig er lögð áhersla á samábyrgð allra og markvissa teymisvirkni.

Samfélagsleg ábyrgð og hugarfar nýsköpunar í starfi eru meðal áhersluatriða í menningu EFLU. Allt starfsfólk er mikilvægur hlekkur í starfseminni og framlag hvers og eins skiptir máli fyrir góðan árangur fyrirtækisins.

Starfsfólkið

Meðalfjöldi starfsfólks hjá EFLU hf. árið 2025 var 428,5, samanborið við 416,5 árið 2024. Meðalfjöldi stöðugilda yfir árið var 384 en heildarfjöldi starfsfólks hjá félaginu og dótturfélögum var 557 einstaklingar. Þar af voru 25 nemar í sumarstarfi hjá EFLU. Starfsfólk EFLU býr yfir fjölbreyttri menntun og er menntunarstig starfsfólks mjög hátt, en meira en 90% þess hefur háskólamenntun. Starfsfólk býr yfir yfirgripsmikilli þekkingu á sviði verkfræði, tækni og í ýmsum öðrum greinum. Hjá EFLU er kynjahlutfall þannig að 36% starfsfólks eru konur og 64% starfsfólks eru karlar. Ekkert starfsfólk EFLU er skráð kynhlutlaust. Það er yfirlýst stefna EFLU að auka hlut kvenna og hlutlausra kynja, t.d. í gegnum nýráðningar og fræðslu. Meðalstarfsaldur er rúmlega átta ár og meðallífaldur starfsfólks 42 ár. Aldursbreidd starfsfólks EFLU er mjög mikil eða frá 17 til 76 ára. Hlutfallslega flest starfsfólk er á aldrinum 30-39 ára eða um 32% starfsfólks.

„Meðalstarfsaldur er rúmlega átta ár og meðallífaldur starfsfólks 42 ár.“



Sjálfvirknivæðing ferla

Aukin áhersla var lögð á sjálfvirknivæðingu ferla í mannauðsmálum á árinu. Með innleiðingu sjálfvirkra lausna hefur dregið úr handavinnu og endurteknum handtökum með tilheyrandi tímasparnaði.

Dæmi um slíkt er ráðningaferli EFLU, en tekin voru markviss skref í aukinni sjálfvirknivæðingu á því ferli á árinu 2025. Markmiðið var að auka skilvirkni og tryggja samræmi í öllum skrefum ferlisins, allt frá því að ákvörðun er tekin um ráðningu og þar til nýr starfsmaður hefur verið stofnaður í mannauðskerfi. Þá er jafnframt tryggt að samskipti við umsækjendur og nýliða hjá EFLU verði markvissari sem og að upplýsingar berist umsækjendum og nýliðum í gegnum allt ferlið. Áfram verður unnið að þróun ferla og sjálfvirknivæðingu þar sem því verður við komið.

Heilsueflandi vinnustaður

EFLA leggur metnað sinn í að hlúa að heilsu og vellíðan starfsfólks og hefur verið í hópi heilsueflandi vinnustaða á Íslandi frá upphafi verkefnisins árið 2020. Um er að ræða verkefni á vegum Embættis landlæknis, Vinnueftirlitsins og VIRK. Heilsueflandi vinnustaður er sameiginlegt verkefni vinnuveitenda, starfsfólks og samfélagsins og nær til félagslegra, andlegra og líkamlegra þátta sem stuðla að vellíðan einstaklings.

Árlega er lagt mat á stöðu EFLU í samræmi við viðmið Embættis landlæknis og VIRK, auk þess sem kallað er eftir upplifun starfsfólks í árlegri vinnustaðakönnun. Markmið verkefnisins er að skapa umhverfi og aðstæður í vinnuumhverfi starfsfólks sem stuðla að heilsusamlegum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan, svo sem hollu mataræði, hreyfingu, góðu vinnuumhverfi og góðum samskiptum.

Vellíðan

Vellíðan starfsfólks er mikilvæg og mikil áhersla er lögð á góðan starfsanda sem byggir á sálfræðilegu öryggi og góðri teymisvirkni. Þar skiptir miklu máli að traust ríki í teymum þar sem starfsfólk getur sagt hug sinn af einlægni og skipst á hugmyndum og aðferðum á uppbyggilegan máta. Teymisvirkni og samábyrgð ýtir undir samvinnu þar sem starfsfólk leitar hvert til annars og deilir þekkingu sinni og reynslu. Einelti og áreitni eru ekki liðin hjá EFLU og lögð er áhersla á fræðslu og þjálfun um málaflokkinn. Árlega eru framkvæmdar EKKO- (einelti, kynferðisleg og kyndbundin áreitni og ofbeldi) og vellíðunarkannanir, niðurstöður kynntar fyrir starfsfólki og gripið til aðgerða eftir þörfum. Niðurstöður mælinga sýna að EKKO mál eru í lágmarki hjá fyrirtækinu (0-1%) auk þess sem spurningar sem snúa að vellíðan, virðingu í samskiptum og stuðningi frá stjórnendum mælast mjög hátt. Áfram var kapp lagt á að koma sem best til móts við starfsfólk í formi sveigjanleika, heimavinnu, góðs upplýsingaflæðis og fræðslu, svo dæmi séu nefnd. Á árinu var lögð áhersla á að styrkja og viðhalda góðum tengslum við starfsfólk í fæðingarorlofi.



Jafnrétti

Jafnréttis- og jafnlaunastefna EFLU byggir á þeirri grundvallarhugsun að allt starfsfólk njóti jafnréttis, óháð kyni, uppruna eða trú. EFLA hlaut jafnlaunavottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 árið 2019. Eitt af markmiðum EFLU er að enginn launamunur sé á milli kynjanna sem og að launamunur mælist aldrei hærri en 1%. Niðurstöður síðustu launagreiningar sýndu að óútskýrður launamunur var um 0,7% konum í óhag, en árið áður mældist munurinn 0,2% körlum í óhag. Hjá EFLU er enginn starfsmaður skráður kynhlutlaus í þjóðskrá og því er samanburðurinn einungis á milli tveggja kynja, þ.e. karla og kvenna. EFLA hlaut þriðja árið í röð viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar fyrir að vera eitt af þeim fyrirtækjum sem hafa undirritað viljayfirlýsingu um jafnt kynjahlutfall í framkvæmdarstjórn félagsins.

Mannréttindahraðall UN Clobal Compact

EFLA tók þátt í sex mánaða viðskipta og mannréttindahraðli UN Global Compact. Hraðallinn styður fyrirtæki við að innleiða og bæta mannréttindastefnu sína í samræmi við leiðbeinandi reglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi.

Andleg og líkamleg heilsa starfsfólks

EFLA leggur áherslu á að hlúa vel að andlegri og líkamlegri heilsu starfsfólks. EFLA hvetur starfsfólk til heilbrigðra lífshátta og umhverfisvæns ferðamáta og reynt er að gera starfsfólki þetta mögulegt og aðgengilegt eins og hægt er. Á árinu 2025 fengu um 72% starfsfólks greiddan íþrótta- eða hreyfingarstyrk og um 21% starfsfólks hafði gert samgöngusamning. Árlega eru framkvæmdar heilsufarsmælingar á starfsstöðvum EFLU fyrir þau sem það kjósa, auk þess sem boðið er upp á flensusprautu að hausti. Í höfuðstöðvum EFLU er góð aðstaða fyrir starfsfólk til íþróttaiðkunar, tímar í hreystiþjálfun og annars konar líkamsrækt hafa verið í boði og aðstaða fyrir heilsunuddara. Hvíldarherbergi er til staðar á flestum starfsstöðum, þar sem starfsfólk getur kúplað sig út úr verkefnum dagsins með stuttri hvíld, nýtt sér nuddtæki og slakað á. EFLA hefur hlotið gullvottun sem hjólavænn vinnustaður. Vottunin hvetur vinnustaði til að bæta aðbúnað hjólreiðafólks, bæði fyrir viðskiptavini og starfsfólk, og hvetja þannig fleiri til að velja umhverfisvæna og heilbrigða ferðamáta í daglegu lífi. Lögð er áhersla á að gera starfsfólki kleift að hlúa að andlegri heilsu og starfsfólki veitt aðstoð ef það óskar eftir henni.

Lýðheilsutengd verkefni

EFLA tekur árlega þátt í samfélagslegum lýðheilsutengdum verkefnum, svo sem Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna. Árið 2025 sigraði EFLA í sínum flokki í bæði Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna. Auk þess er lögð áhersla á að bjóða upp á dagskrá og hvatningu til hreyfingar og heilsueflingar, til dæmis með Sundlaugakeppni sem haldin er árlega, fjölbreyttum viðburðum þar sem fólk hreyfir sig saman og jafnframt lögð áhersla á að fagna góðum árangri í lýðheilsutengdum verkefnum.

Hollur og næringarríkur matur

Framúrskarandi mötuneyti er rekið í höfuðstöðvum EFLU. Þar getur starfsfólk, gegn vægu gjaldi, fengið góðan og næringarríkan hádegisverð, auk þess sem starfsfólki er daglega boðið upp á ferska ávexti, mjólkurvörur, hrökkbrauð, álegg, hnetur og fleira án endurgjalds. Lögð er áhersla á að merkja vel ofnæmisvalda og grænkeravalmöguleika í mat sem borinn er fram í mötuneytinu. Þar hefur starfsfólk auk þess aðgang að þjónustuvef sem sýnir kolefnisspor allra máltíða ásamt næringarefnainnihaldi hverrar máltíðar. Þannig geta matreiðslumeistarar EFLU alltaf stillt máltíðir af m.t.t. næringar og upplýst starfsfólk. Leitast er við að bjóða upp á holla valkosti í hádegisverð á starfsstöðvum á landsbyggðinni þar sem ekki eru rekin mötuneyti.

Helgun starfsfólks og starfsandi

EFLA framkvæmir reglulega vinnustaðakannanir í samstarfi við Gallup. Í könnununum er meðal annars helgun starfsfólks mæld sem og starfsánægja, auk ýmissa annarra atriða sem snúa að líðan og upplifun starfsfólks í vinnuumhverfi sínu. Mæling á helgun starfsfólks byggir á tólf lykilþáttum sem tengjast bæði líðan starfsfólks og rekstrarlegum þáttum. Niðurstöður mælinga á helgun starfsfólks hjá EFLU árið 2025 voru 4,35 af 5 mögulegum, sem er hækkun um 0,19 punkta frá árinu á undan. Starfsánægja hjá EFLU mælist há og hækkaði einnig milli ára úr 4,39 í 4,49 af 5 mögulegum. Snerpusamtöl eru framkvæmd þrisvar á ári þar sem starfsfólki gefst kostur á samtali við fyrirliða síns teymis um líðan í starfi, starfsþróun eða annað sem brennur á viðkomandi hverju sinni. Mikil ánægja er með snerpusamtölin hjá starfsfólki en um 80% starfsfólk segist vera mjög eða frekar ánægt með samtölin samkvæmt starfsmannakönnunum. Þá er þátttökuhlutfall þeirra sem fara í snerpusamtöl mjög hátt hjá EFLU eða nálægt 90%.



„EFLA hvetur starfsfólk til heilbrigðra lífshátta og umhverfisvæns ferðamáta og reynt er að gera starfsfólki þetta mögulegt og aðgengilegt eins og hægt er.“







Jafnvægi á milli vinnu og einkalífs

EFLA leggur áherslu á að bjóða starfsfólki sínu upp á sveigjanlegan vinnutíma til að mæta ólíkum þörfum þess. Lögð er áhersla á að starfsfólk nái að halda góðu jafnvægi milli vinnu og einkalífs og er ávallt reynt að koma til móts við þarfir starfsfólks vegna aðstæðna sem geta skapast í einkalífi þess. Í vinnustaðakönnun 2025 metur starfsfólk sveigjanleika á vinnustaðnum og benda niðurstöður til þess að mikill meirihluti þess sé ánægt með þann sveigjanleika sem það hefur í starfi.

Fjölskylduvænn vinnustaður

EFLA er fjölskylduvænn vinnustaður og leggur ríka áherslu á að styðja starfsfólk sitt á öllum lífsskeiðum, ekki síst þegar fjölskyldan stækkar. Áhersla er á að skapa umhverfi þar sem jafnvægi ríkir milli vinnu og einkalífs og þar sem verðandi og nýbakaðir foreldrar finna fyrir stuðningi, sveigjanleika og skilningi. Sem dæmi á starfsfólk EFLU rétt á sérstökum fæðingarorlofsstyrk í fæðingarorlofi auk þess sem starfsfólk ávinnur sér orlof í fæðingarorlofi. Að auki er öllu starfsfólki gefin sængurgjöf við fæðingu barns. Börn starfsfólks eru velkomin á vinnustaðinn og stendur börnum tíu ára og yngri til boða að borða frítt í mötuneyti EFLU á Lynghálsi. Leitast er við að bjóða upp á fjölskylduvæna viðburði fyrir starfsfólk, má þar nefna reglulega foreldramorgna þar sem starfsfólki í fæðingarorlofi eða með ung börn er boðið að koma með börnin á vinnustaðinn, hitta samstarfsfólk og hlýða á stutt fræðsluerindi. Á aðventunni fór fram Aðventustund, sem er nýr fjölskylduvænn viðburður, en þar var starfsfólki og fjölskyldum boðið í höfuðstöðvar EFLU til að eiga notalega stund saman. Boðið var upp á föndur, spil, upplestur frá rithöfundi og kvöldmat.

Starfsmannafélagið Öflungur

Öflungur er starfsmannafélag EFLU á Íslandi og óhætt er að segja að félagsstarf starfsfólks sé afar fjölbreytt. Lögð er áhersla á að viðburðir mæti ólíkum þörfum starfsfólks og að þeir séu fjölskylduvænir. Hlutverk Öflungs er m.a. að vinna að íþrótta-, félags- og menningarmálum starfsfólks og efla samstarf og samvinnu þess. Aðild að starfsmannafélagi er valkvæð en mikill meirihluti starfsfólks EFLU er skráð í félagið. Mikil gróska var í starfi Öflungs á árinu og boðið var upp á fjölbreytta viðburði og dagskrá fyrir starfsfólk.

EFLA skipulagði að hausti 2025, í samstarfi við Öflung, vel heppnaða árshátíðarferð til Króatíu þar sem rúmlega 600 manns skemmtu sér saman, nutu samveru og ræktuðu tengsl.

Viðburðir sem EFLA og Öflungur standa saman að fyrir starfsfólk eru:

- Embla, árlegur fjölskyldudagur
- Árshátíð
- Fjölskyldustund í aðventunni, Aðventustund
- Aðventukvöld
- Reglulegir viðburðir þar sem leitast er eftir að styðja við stefnu félagsins, til dæmis með því að styrkja tengsl, auka vellíðan og samfélagslega ábyrgð

Vinnuvernd

Heilsa og öryggi eru órjúfanlegur hluti af starfsemi EFLU og byggist þetta á þroskaðri öryggismenningu og stjórnkerfi sem er vottað samkvæmt ISO 45001. Áhersla er lögð á markvissa áhættustýringu, forvarnir og stöðugar umbætur, með virkri þátttöku starfsfólks þvert á svið og svæði. Þá er starfsfólk ávallt hvatt til að gæta að öryggi sínu og annars starfsfólks. Áhættumat og vinnulýsingar hafa verið gerðar fyrir öll helstu störf hjá EFLU, bæði innan skrifstofunnar og vegna vinnu á mismunandi verkstöðum. Allur nauðsynlegur öryggisbúnaður er til staðar fyrir starfsfólk og er hann CE-merktur. Til að auka öryggisvitund og draga úr áhættu er starfsfólki gert að skima fyrir hættum þegar farið er á verkstað, með því að nota snjallforrit sem inniheldur stuttan lista yfir helstu öryggisatriði og viðbúnað.

Á árinu urðu tvö skráningarskyld slys, bæði tengd vinnu á vettvangi. Hvorugt þessara slysa var alvarlegt. Sem hluti af forvarnarstarfi EFLU er starfsfólk hvatt til að skrá atvik sem hefðu getað leitt til slysa; sjö slík atvik voru skráð á árinu og nýtast þau sem mikilvægt innlegg til frekari áhættuminnkunar. EFLA er staðráðin í að viðhalda öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi fyrir allt starfsfólk og samstarfsaðila.

Öryggisnefndir eru starfandi á öllum starfsstöðvum EFLU. Í öryggisnefndum sitja annars vegar öryggistrúnaðarmenn sem kosnir eru af starfsfólki og hins vegar öryggisverðir sem valdir eru af EFLU. Helsta hlutverk öryggisnefnda er að vinna að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í allri starfsemi fyrirtækisins og fylgjast með því að ráðstafanir á þessu sviði séu gerðar og skili tilætluðum árangri. Þær sjá jafnframt um vöktun á öryggisbúnaði, öryggiskerfum á starfsstöðvum og brunaöryggi. Nefndirnar eru mjög virkar og taka þær þátt í öllum helstu ákvörðunum um öryggismál EFLU.

Öllum gildandi lögum og reglum er fylgt í starfsemi EFLU, svo sem lögum um vinnuvernd og almennri löggjöf um vinnumarkaðsmál. Langstærsti hluti starfsfólks EFLU hefur kosið að vera í stéttarfélögum. EFLA lýsir því yfir að fyrirtækið standi alfarið gegn allri nauðungar- og þrælkunarvinnu sem og barnaþrælkun.

Persónuvernd

EFLU er umhugað um öryggi persónugreinanlegra upplýsinga viðskiptavina og starfsfólks síns og einsetur sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi þeirra gagna sem unnið er með innan fyrirtækisins. EFLA vinnur samkvæmt núgildandi persónuverndarlöggjöf og persónuverndarstefnu.

„Lögð er áhersla á að starfsfólk nái að halda góðu jafnvægi milli vinnu og einkalífs og er ávallt reynt að koma til móts við þarfir starfsfólks vegna aðstæðna sem geta skapast í einkalífi þess.“



Umhverfismarkmið og árangur á Íslandi

Umhverfis- og loftslagsmál eru lykilþættir í starfsemi EFLU og hefur EFLA því sett sér skýr markmið um að draga úr neikvæðum áhrifum starfseminnar á umhverfið með stöðugum úrbótum. Árið 2015 setti EFLA sér loftslagsmarkmið fyrir ákveðna þætti í rekstrinum og er stefnan að starfsemi EFLU verði kolefnishlutlaus fyrir árið 2030. Til viðbótar við fyrrgreind markmið hefur EFLA einnig sett sér markmið í tengslum við aðra, svo sem úrgang og orkunotkun. Umhverfisstjórnun EFLU nær til allrar starfsemi fyrirtækisins á Íslandi, í Noregi og Svíþjóð, hvort sem um ræðir daglegan rekstur á skrifstofum, rannsóknarstofum eða í ráðgjafarþjónustu.

Hér verður fjallað um kolefnisspor, mikilvæga umhverfisþætti og umhverfisárangur EFLU í rekstri fyrirtækisins á Íslandi.

Árið 2025, náði EFLA markmiði sínu um lækkun kolefnisspors, lækkun á heildarmagni úrgangs og notkunar á vatni og rafmagni. Hins vegar náði EFLA ekki markmiði um flokkunarhlutfall úrgangs í höfuðstöðvum fyrirtækisins. Öll aðstaða er fyrir hendi til flokkunar og mun fyrirtækið halda áfram að leggja áherslu á fræðslu til starfsmanna um þennan umhverfisþátt og upplýsa reglulega um árangurinn.




Umhverfismarkmið í rekstri EFLU

Markmið 2025	Árangur 2025
30% Lækkun kolefnisspors EFLU án bindingar á hvert stöðugildi um 30% miðað við árið 2015.	**70%** Lækkun um 70% án t.t. kolefnisbindingar miðað við árið 2015.
Kolefnisjöfnun 2030 Kolefnisjafna alla losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030.	**CO_2** Ekki var lögð áhersla á kolefnisjöfnun fyrir árið 2025 en lögð var áhersla á aðgerðir til að draga úr losun CO_2.
18% Heildarmagn úrgangs í höfuðstöðvum á hvert stöðugildi (fyrir utan steinefni) lækki um 3% á ári miðað við árið 2019, þ.e. 18% fyrir árið 2025 og verði undir 92 kg/stöðugildi.	**21%** Heildarmagn úrgangs í höfuðstöðvum var 88 kg á hvert stöðugildi (fyrir utan steinefni) og hefur lækkað um 21% miðað við árið 2019.
90% Flokkunarhlutfall úrgangs (án steinefna) í höfuðstöðvum sé 90%, þ.e. hlutfall úrgangs sem fer ekki í blandaðan úrgang.	**79%** Flokkunarhlutfall úrgangs var 79%.
105 Rafmagnsnotkun í höfuðstöðvum sé innan 105 kWst/m2 ± 5%.	**106** Rafmagnsnotkun í höfuðstöðvum var 106 kWst/m2 árið 2025.
1,2 Heitavatnsnotkun í höfuðstöðvum sé innan 1,2 m^3/m^3 ± 5%.	**1,26** Heitavatnsnotkun í höfuðstöðvum var 1,26 m^3/m^3.

Kolefnisspor EFLU

Við útreikninga á kolefnisspori notar EFLA aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol. Skipta má kolefnisspori frá rekstri fyrirtækisins í tvo hluta, annars vegar beina losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) og hins vegar óbeina losun GHL. Bein losun (umfang 1) er öll losun sem fyrirtækið veldur sjálft og hefur stjórn á. Í tilfelli EFLU tengist bein losun GHL bruna eldsneytis við notkun bifreiða í rekstri EFLU. Óbein losun er sú losun GHL sem á sér stað annars staðar í virðiskeðjunni og skiptist í tvo þætti, umfang 2 og umfang 3. Óbein losun EFLU í umfangi 2 er losun GHL vegna notkunar á rafmagni og heitu vatni. Óbein losun EFLU í umfangi 3 eru aðrar uppsprettur losunar vegna aksturs starfsfólks á eigin bílum og bílaleigubílum á vegum EFLU, losun vegna flugs starfsfólks og meðhöndlun úrgangs. Framangreindir þættir eru þeir þættir sem tekið var tillit til þegar loftslagsmarkmið fyrirtækisins voru sett árið 2015, sem er viðmiðunarár markmiða EFLU. Til viðbótar við þá þætti sem eru inni í loftslagsmarkmiðum EFLU, upplýsir EFLA einnig um losun annarra þátta í umfangi 3, s.s. vegna aksturs starfsfólks til og frá vinnu, matarinnkaupa, innkaupa á raftækjum og vegna árshátíðar erlendis þegar það á við. EFLA styðst við losunarstuðla frá Umhverfis- og orkustofnun við útreikning á losun gróðurhúsalofttegunda, þegar það á við. Til viðbótar nýtir fyrirtækið hugbúnaðarlausnirnar Eldar og Klappir, sem og umhverfisyfirlýsingar raftækja (e. Environmental Product Declarations, EPD) þegar þær liggja fyrir. Einnig eru notaðar aðrar viðeigandi reiknivélar, til dæmis fyrir flug, eftir því sem við á.

Árið 2025 nam losun gróðurhúsalofttegunda 166 tonn CO_2-ígilda eða 0,43 tonnum CO_2-ígilda á hvert stöðugildi, sem er um 70% lækkun frá árinu 2015 (1,43 CO_2-ígildi/stöðugildi), viðmiðunarári fyrir loftslagsmarkmið EFLU. Markmið ársins 2025 var að halda kolefnisspori á hvert stöðugildi undir 1,00 tonnum CO_2-ígilda og var EFLA langt undir því markmiði. Losun ársins var 26% lægri en losun ársins 2024 og tengist það aðallega minni losun vegna aksturs starfsmanna á vegum vinnunnar og flugs bæði innanlands og erlendis.



Myndin sýnir skilgreiningu á beinum og óbeinum áhrifum byggt á Greenhouse Gas Protocol kafli 3

Bein losun, umfang 1

Bein losun GHL frá starfsemi EFLU, umfang 1, tengist bruna eldsneytis á bifreiðum sem starfsfólk EFLU hefur aðgang að. Eldsneytisnotkun (bensín og dísel) á bílum í rekstri EFLU var um 12,9 þúsund lítrar árið 2025, samanborið við um 14,9 þúsund lítra árið á undan. Þessi notkun samsvarar um 30 tonnum af CO_2-ígildum eða um 77 kg CO_2-ígilda á hvert stöðugildi, sem er um 22% lækkun frá því árinu á undan. Hlutfall rafmagnsbíla hélst óbreytt milli ára. Notkun bifreiðanna ræðst fyrst og fremst af umfangi verkefna EFLU hverju sinni.

Óbein losun, umfang 2

Óbein losun GHL í umfangi 2 frá starfsemi EFLU tengist notkun á raforku og heitu vatni. EFLA hefur keypt upprunaábyrgðir fyrir raforkunotkun sína og því er uppgefið kolefnisspor vegna raforkunotkunar í samræmi við það. Upprunaábyrgðir raforku eru staðfesting á því að raforka hafi verið framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum. Losun GHL vegna raforkunotkunar var 5,5 tonn CO_2-ígildi árið 2025 eða 14 kg CO_2-ígildi á hvert stöðugildi (miðað við staðbundna og markaðstengda losun), sem er um það bil sama losun á hvert stöðugildi á milli ára.

Aðalnotkun EFLU á heitu vatni tengist upphitun og snjóbræðslu í höfuðstöðvum EFLU. Losun GHL vegna heitavatnsnotkunar var 18,3 tonn CO_2-ígildi árið 2025 eða 48 kg CO_2-ígildi á hvert stöðugildi, sem er um 45% breyting á milli ára, var um 33 kg CO_2-ígildi á hvert stöðugildi árið 2024. Þessi hækkun tengist lagfæringu á hitakerfi í höfuðstöðvum EFLU.





Óbein losun, umfang 3

Meðhöndlun úrgangs
Losun GHL vegna meðhöndlunar úrgangs, sem fór til brennslu, urðunar eða jarðgerðar, frá starfsemi EFLU var 7,7 tonn CO_2-ígilda árið 2025 eða um 20 kg CO_2-ígilda á hvert stöðugildi, sem er um 4% lækkun frá fyrra ári.

Notkun bílaleigubifreiða
Tilfallandi notkun bílaleigubifreiða á vegum EFLU tengist verkefnum EFLU sem eru dreifð um allt land. Í ákveðnum tilfellum þarf starfsfólk því að nýta sér bílaleigubifreiðar og er notkun hverju sinni háð eðli og staðsetningu verkefna. Losun vegna bílaleigubifreiða var metin út frá kílómetrastöðu þeirra og viðeigandi losunarstuðlum. Losun vegna þeirra árið 2025 samsvarar um 6,0 tonnum af CO_2-ígildum eða 16 kg CO_2-ígilda á hvert stöðugildi, sem er 31% hækkun á hvert stöðugildi á milli ára. Á árinu skiptist akstur bílaleigubíla þannig að 59% ekinna kílómetra voru á bílum knúnum jarðefnaeldsneyti, 33% á tvinnbílum og 8% á rafmagnsbílum.

Bifreiðar starfsfólks notaðar í vinnu á vegum EFLU
Í sumum tilfellum nýtir starfsfólk eigin bifreiðar í ferðir á fundi og verkstaði. Notast var við niðurstöður reglubundinnar ferðavenjukönnunar við mat á samsetningu bílaflota starfsfólks EFLU. Miðað við samsetningu bílaflotans er áætluð losun fyrir árið 2025 um 29 tonn CO_2-ígilda eða 76 kg CO_2-ígilda á hvert stöðugildi, sem er um 37% lækkun frá fyrra ári. Árið 2025 ók um 24% starfsfólks á rafmagnsbílum og 11% á tvinnbílum (hybrid) og fjölgar vistvænum bílum jafnt og þétt. Frá árinu 2018 hefur hlutfall rafmagnsbíla aukist úr 7% í 24%.

Flugferðir starfsfólks
Losun GHL vegna flugferða starfsfólks EFLU minnkaði verulega milli áranna 2024 og 2025. Losun vegna innanlandsflugs lækkaði um 12% á hvert stöðugildi og nam um 87 kg CO_2-ígilda á stöðugildi árið 2025. Losun vegna flugferða erlendis dróst einnig saman og var 94 kg CO_2-ígilda á stöðugildi árið 2025, sem jafngildir 40% lækkun frá fyrra ári. Þessi samdráttur í losun skýrist af færri flugferðum bæði innanlands og erlendis. Erlendar flugferðir voru 40% færri en árið á undan og innanlandsferðum fækkaði um 24%.

Óbein losun, viðbótarþættir, umfang 3

EFLA leggur ríka áherslu á að auka upplýsingagjöf varðandi losun í umfangi 3. Þegar loftslagsmarkmið EFLU voru sett árið 2015, var í umfangi 3 tekið tillit til þeirra þátta sem losunargögn lágu fyrir um. Nú eru til staðar upplýsingar fyrir fleiri þætti sem eiga við um umfang 3, svo sem akstur starfsfólks til og frá vinnu, raftæki (tölvur, skjáir og símar), innkaup á matvöru í mötuneyti í höfustöðvum EFLU og árshátíðarferð til Króatíu. Losun tengd þessum þáttum var um 708 tonn eða um 1,8 tonn CO_2-ígilda á hvert stöðugildi, sem er hækkun um 87% á milli ára miðað við 1,0 tonn CO_2-ígilda á hvert stöðugildi árið 2024. Aukning milli ára skýrist aðallega af losun vegna árshátíðarferðar en hún er um 65% af losun þessara þátta, en árið 2024 var árshátíðin haldin á Íslandi. Losun vegna annarra þátta, s.s. aksturs starfsmanna til og frá vinnu, kaupa á raftækjum og matarinnkaupa lækkaði á milli ára.



Akstur starfsfólks til og frá vinnu
Samkvæmt árlegri ferðavenjukönnun EFLU er losun GHL vegna aksturs starfsfólks til og frá vinnu um 104 tonn CO_2-ígilda árið 2025 eða 271 kg CO_2-ígilda/stöðugildi sem er 16% hækkun samanborið við 2024.

Kaup á raftækjum
Lagt var mat á kolefnisspor þeirra raftækja sem keypt voru ný á árinu 2025, þ.e. farsíma, fartölva, borðtölva og tölvuskjáa. Upplýsingar um kolefnisspor tækjanna (framleiðsla, dreifing, notkun og förgun) voru fengnar úr vottuðum umhverfisyfirlýsingum frá framleiðendum. Samanlagt kolefnisspor þeirra tækja sem keypt voru á árinu er um 46 tonn CO_2-ígildi, eða um 119 kg CO_2-ígildi á hvert stöðugildi. Þetta jafngildir um 64% minni losun á stöðugildi en árið 2024, sem tengist breytingu á innkaupum þar sem nýr birgir var valinn með kolefnisspor tækja að leiðarljósi.

Matarinnkaup
EFLA rekur stórt mötuneyti og afgreiðir rúmlega 50 þúsund máltíðir yfir árið fyrir starfsmenn fyrirtækja sem staðsett eru á Lynghálsi 4. Lögð er áhersla á að nota íslenskt hráefni eins og kostur er og að nýta allt hráefni. Helstu hráefnisflokkar mötuneytis eru kjöt, mjólkurvörur, fiskur, grænmeti, ávextir og kaffi.

Árshátíðarferð
Á árinu 2025 fór EFLA í árshátíðarferð til Króatíu. Kolefnisspor flugs starfsfólks frá Íslandi til Split vegna ferðarinnar nam 462 tonnum CO_2-ígilda. Við útreikning kolefnissporsins voru teknir með allir flugleggir ásamt tilfærslum á flugvélum. Notast þurfti við þrjár vélar til að flytja starfsfólk og maka til og frá Split.

Þegar tekið er tillit til aukins umfangs í óbeinni losun EFLU er heildarlosun GHL á hvert stöðugildi um 2,3 tonn CO_2-ígilda eða samtals um 866 tonn CO_2-ígildi sem er 44% hækkun frá árinu á undan, en þá var losunin 1,6 tonn CO_2-ígildi á hvert stöðugildi.





Áhrif	Losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) tonn CO_2-ígildi	Umfang	2015*	2023	2024	2025
Losun frá þáttum sem taldir voru fram við markmiðasetningu árið 2015						
Bein	Akstur bifreiða í rekstri Eflu	1	73	36	38	30
Óbein	Raforka (með upprunaábyrgð)	2	6,8	6,0	6,3	5,5
Óbein	Varmaorka	2	4,2	12	12	18
Óbein	Akstur bílaleigubíla	3	13	6,3	4,6	6,0
Óbein	Akstur starfsfólks á vegum vinnu á eigin bíl	3	63	39	46	29
Óbein	Flug innanlands	3	101	26	38	33
Óbein	Flug erlendis	3	101	32	60	36
Óbein	Urðun og brennsla úrgangs og lífrænn úrg.	3	5,0	8,4***	8,0***	7,7
	Samtals losun GHL, kolefnisspor án bindingar		**367**	**165**	**213**	**166**
	Samtals losun GHL/stöðugildi		**1,43**	**0,48**	**0,58**	**0,43**
	Kolefnisbinding		**0**	**165**	**213**	**0**
	Kolefnisspor að teknu tilliti til bindingar		**367**	**0**	**0**	**166**
Losun frá óbeinum viðbótarþáttum sem áður voru ekki taldir fram í umfangi 3						
	Akstur starfsmanna til og frá vinnu	3		126	123	104
	Árshátíðarferð	3				463
	Skrifstofutæki	3		186	123	46
	Matarinnkaup	3		142	117	95
	Samtals losun GHL vegna aukins umfangs 3			**455**	**363**	**708**
	Samtals losun GHL/stöðugildi			**1,3**	**1,0**	**1,8**
	Kolefnisbinding			**12****	**0**	**0**
	Kolefnisspor að teknu tilliti til bindingar			**443**	**363**	**708**
	Fjöldi stöðugilda EFLU á Íslandi		**257**	**346**	**367**	**384**

* Árið 2015 er viðmiðunarár.


** Framleiðendur raftækja kolefnisjafna hluta framleiðslunnar.

*** Leiðréttingar hafa verið gerðar og gögn hafa verið uppfærð afturvirkt í ljósi nýrra upplýsinga.

Hlutfallsleg losun GHL 2025

frá umfangi 1, 2 og 3 eins og það var sett fram grunnárið 2015


- Bílar í rekstri EFLU
- Bílaleigubílar
- Akstur starfsmanna á vegum vinnunar
- Flug innanlands
- Flug erlendis
- Urðun úrgangs og brennsla til orkuvinnslu. Gas og jarðgerð lífræns úrgangs
- Raforka



Hlutfallsleg losun 2025

frá umfangi 1, 2 og 3 með auknu umfangi 3 miðað við grunnárið 2015


- Bílar í rekstri EFLU
- Bílaleigubílar
- Akstur starfsmanna á vegum vinnunar
- Flug innanlands
- Flug erlendis
- Urðun úrgangs og brennsla til orkuvinnslu. Gas og jarðgerð lífræns úrgangs
- Raforka
- Akstur starfsmanna til og frá vinnu
- Skrifstofutæki
- Matarinnkaup
- Árshátíðarferð



Losun GHL í rekstri EFLU

tonn CO_2-ígildi /stöðugildi


- Umfang 1
- Umfang 2
- Umfang 3
- Markmið



Losun GHL í rekstri EFLU, aukið umfang 3

tonn CO_2-ígildi /stöðugildi


- Umfang 1
- Umfang 2
- Aukið umfang 3



Samgöngur hjá EFLU

Hlutfallsleg losun CO_2-ígilda fyrir mismunandi ferðamáta

- Bílar í rekstri EFLU
- Bílaleigubílar
- Bílar starfsfólks, vinnuferðir
- Flug innanlands
- Flug erlendis
- Bílar starfsmanna til og frá vinnu



Í næstu köflum verður nánar fjallað um einstaka þætti í rekstri EFLU.


Orkunotkun

Raforkunotkun á hvern fermetra húsnæðis í starfsemi EFLU var sambærileg milli áranna 2024 og 2025, eða um 103 kWst/m^2 bæði árin. Í höfuðstöðvum EFLU að Lynghálsi 4 er til staðar stýring á ljósum (hreyfiskynjarar) í öllum helstu rýmum, en um 77% af raforkunotkun EFLU á Íslandi má rekja til höfuðstöðvanna. Orkunotkun er breytileg milli starfsstöðva vegna mismunandi nýtingar raforku.

Raforkunotkun á öllum starfsstöðvum EFLU

kWst/m^2

Raforkunotkun miðað við nettó-flatarmál húsnæðis í starfsemi EFLU




Heitavatnsnotkun á starfsstöðvum EFLU jókst um 39% á milli áranna 2024 og 2025, úr 0,87 m^3/m^3 í 1,21 m^3/m^3. Meginástæðan fyrir þessari hækkun er veruleg aukning í notkun höfuðstöðvanna, þar sem notkunin jókst um 65% milli ára. Rekja má þessa hækkun til aukinnar upphitunar rýma á Lynghálsi sem áður voru óupphituð vegna bilunar í eftirhiturum í loftræstikerfi. Notkun á Lynghálsi vegur þungt en hún er um 85% af allri heitavatnsnotkun starfsstöðva EFLU.

Heitavatnsnotkun á öllum starfsstöðvum EFLU


m^3/m^3

Raforkunotkun miðað við nettó-flatarmál húsnæðis í starfsemi EFLU




Rafmagnsnotkun höfuðstöðvanna var 106 kWst á hvern fermetra húsnæðis árið 2025 sem er 2% lækkun frá fyrra ári og er innan settra markmiða (105 ± 5% kWst á hvern fermetra húsnæðis). Heitavatnsnotkunin var 1,26 m^3 á hvern rúmmetra húsnæðis sem er 65% hækkun miðað við árið 2024 og er við efri mörk settra markmiða (1,2 ± 5% m^3 á hvern rúmmetra húsnæðis).

Raforkunotkun í höfuðstöðvum



Heitavatnsnotkun í höfuðstöðvum



Úrgangur

EFLA leggur áherslu á flokkun úrgangs til að tryggja að sem mestur hluti skili sér til endurvinnslu. Úrgangur sem fer til endurvinnslu er m.a. pappír, pappi, plast og málmar. Allur lífrænn úrgangur sem myndast í höfuðstöðvum EFLU er flokkaður sér og sendur til GAJU, sem er gas- og jarðgerðarstöð SORPU. Almennur úrgangur frá starfsemi EFLU er að mestu leyti sendur til brennslu erlendis, þar sem hann nýtist sem hráefni til orkuvinnslu, en lítill hluti fer í urðun hér á landi. Heildarmagn úrgangs frá allri starfsemi EFLU var um 43 tonn árið 2025 sem er um 9% hækkun frá árinu á undan en þá var magnið 40 tonn. Þar af eru um 11 tonn steinefni frá rannsóknarstofu EFLU en í eftirfarandi umræðu verður ekki tekið tillit til steinefna. Hlutfall úrgangs sem fór í endurvinnslu eða aðra endurnýtingu var um 98% en um 2% fór í förgun, s.s. urðun eða brennslu spilliefna. Tæplega 80% af öllum úrgangi frá starfsemi EFLU er uppruninn í höfuðstöðvum EFLU.

Nánari umfjöllun er um úrgang frá höfuðstöðvum EFLU hér á eftir.


Heildarmagn úrgangs frá höfuðstöðvum EFLU var tæplega 36 tonn árið 2025 og þar af 11 tonn steinefni (undanskilin í eftirfarandi umræðu). Flokkunarhlutfall úrgangs frá EFLU, þ.e. hlutfall úrgangs sem fer ekki í blandaðan úrgang, var um 79% sem er undir flokkunarmarkmiði fyrirtækisins, en það er 90%. Hins vegar var hlutfall endurheimts úrgangs 99% á móti 1% úrgangs sem fór í urðun. Magn úrgangs á hvert stöðugildi í höfuðstöðvum EFLU var 88 kg/stöðugildi sem er 18% aukning frá fyrra ári, sem tengist tiltekt innan fyrirtækisins. Markmið EFLU er að draga úr magni úrgangs án steinefna um 3% á ári miðað við árið 2019. Markmiðið fyrir árið 2025 var því 18% lækkun samanborið við 2019. Það markmið náðist, þar sem magn úrgangs hefur minnkað um 21% miðað við árið 2019.

Eitt af umhverfismarkmiðum EFLU er að draga úr matarsóun um 2% árið 2026, samanborið við 2024. Stöðug áhersla er á að minnka matarsóun og nýta hráefni vel í mötuneyti EFLU. Matur sem ekki nýtist hjá EFLU er gefinn til hjálparsamtaka, s.s. Samhjálpar í Reykjavík. Virk vöktun er í gangi og upplýsingamiðlun til viðskiptavina mötuneytisins um nýtingu hráefna og magn lífræns úrgangs, bæði við vinnslu máltíða og af diskum viðskiptavina. Magn lífræns úrgangs frá mötuneyti og kaffikrókum var 44 kg/stöðugildi árið 2025, sem er 13% hærra en það var 2024.

Magn úrgangs frá höfuðstöðvum (án steinefna)


kg/stöðugildi

Markmið



Magn lífræns úrgangs frá höfuðstöðvum

kg/stöðugildi



Akstur og flug

Á undanförnum árum hefur akstur og flug sem tengist starfsemi EFLU minnkað. Þetta er einkum vegna aukins svigrúms hjá starfsfólki, s.s. vegna fjarvinnu og fjarfunda. EFLA leggur áherslu á að skapa starfsfólki góða aðstöðu til samskipta í gegnum veraldarvefinn með því að hafa til staðar góðan fjarfundarbúnað. Fjöldi flugferða erlendis var 108 og fjöldi innanlands var 315 á árinu, samanborið við 179 og 365 árið á undan.

EFLA starfar samkvæmt eigin samgöngustefnu og samgönguáætlun og vill þannig stuðla að minni mengun, heilbrigðari lífsháttum og bættri borgarmynd. EFLA hvetur starfsfólk til að ferðast til og frá vinnu með vistvænum fararmátum og styður við það með ýmsum hætti. Starfsfólk getur m.a. fengið samgöngustyrk ef 40% eða 80% ferða til og frá vinnu eru farnar gangandi, hjólandi eða með almenningssamgöngum. EFLA býður starfsfólki sínu einnig að nýta sér að kostnaðarlausu rafskútur Hopp, milli klukkan 7 og 18 á virkum dögum, sem það getur einnig nýtt í vinnutengdar ferðir. EFLA á einnig rafhjól sem starfsfólk getur notað, auk þess sem starfsfólki býðst fjórar ferðir með Strætó á mánuði.

Starfsfólk EFLU hefur aðgang að 36 bifreiðum á vinnutíma. Þar af eru 42% rafmagnsbílar, eða 15 talsins, sem er sami fjöldi og árið 2024.

Ferðavenjukönnun er reglulega lögð fyrir starfsfólk EFLU. Niðurstöður hennar sýna að um 35% starfsfólks ekur á vistvænum bílum, þ.e. tvinn-, metan- eða rafmagnsbílum, og ekur að meðaltali um 17 km á dag til og frá vinnu. Um 9% starfsfólks fór gangandi eða hlaupandi til og frá vinnu, 12% ferðuðust á hjóli og 3% með strætó.

Raftæki

Umhverfissjónarmið eru höfð til hliðsjónar við val á raftækjum sem EFLA kaupir þ.e. fartölvum, borðtölvum og tölvuskjám. Starfsfólk sér sjálft um að kaupa farsíma að eigin vali. Á árinu 2025 voru keypt 451 tæki, samanborið við 474 tæki árið þar á undan. Á árinu var skipt um birgi fyrir raftæki og nýr birgir valinn með kolefnisspor tækja að leiðarljósi. Markmiðið með þessari breytingu var að draga enn frekar úr umhverfisáhrifum innkaupa fyrirtækisins.

Matarinnkaup mötuneytis

EFLA rekur stórt mötuneyti og afgreiðir rúmlega 50 þúsund máltíðir yfir árið fyrir starfsmenn fyrirtækja sem staðsett eru á Lynghálsi 4. Lögð er áhersla á að nota íslenskt hráefni eins og kostur er og að nýta allt hráefni. Helstu hráefnisflokkar mötuneytis eru kjöt, mjólkurvörur, fiskur, grænmeti og ávextir. Auk þess voru 1453 kg af kaffi keypt inn á árinu. Hér eru upplýsingar um kolefnisspor dæmigerðra máltíða, samkvæmt Eldari.

Máltíð:	kg CO_2 ígildi/máltíð
Cajun lax og kremað hrísgrjónapasta	1,24
Ýsa í raspi, lauksmjör og kartöflur	0,93
Lamb, timjansmælki og sveppapiparostasósa	5,77
Ribeye, birriasósa og kartöflubátar	16,32
Teriyaki kjúklingur og hrísgrjón	0,50
Hnetusteik og sætkartöflumús	0,28



Lykiltölur í grænu bókhaldi EFLU 2025

Umhverfisþáttur	Eining	2023	2024	2025	Eining	2024	2025	Breyting
Raforka								
Raforkunotkun	kWst	732.727	750.853	852.132	kWst/m2	103	103	0%
Eldsneyti								
Bensín og dísel	L	13.635	14.869	12.902	L/st.gildi	41	34	-17%
Vatnsorka								
Heitt vatn	m^3	27.005	27.508	40.844	m^3/m^3	0,87	1,21	39%

Úrgangur frá höfuðstöðvum

Umhverfisþáttur	Eining	2023	2024	2025	Eining	2024	2025	Breyting
Efni til endurvinnslu/endurnýtingar								
Endurvinnanlegur úrgangur (pappi, pappír, plast og málmar)								
	tonn	4,8	5,3	6,2	kg/st.gildi	19	22	14%
Lífrænn úrgangur	tonn	10,2	10,9	12,6	kg/st.gildi	39	44	13%
Steinefni	tonn	9,6	11,0	10,5				
Hreint timbur	tonn	0,0	0,0	0,2				
Raftæki	tonn	0,2	0,0	0,1				
Matarolía	tonn	0,2	0,1	0,1				
Efni til orkunýtingar	tonn	4,7	4,3	5,5	kg/st.gildi	15	19	25%
Efni til förgunar								
Urðun	tonn	0,1	0,1	0,3	kg/st.gildi	0	1	
Spilliefni	tonn	0,0	0,0	0,0	kg/st.gildi	0	0	
Flokkunarhlutfall (án steinefna)								
	%				%	79	79	

Losun GHL

Umhverfisþáttur	Eining	2023	2024	2025	Eining	2024	2025	Breyting
Kolefnisspor losunarþátta miðað við loftslagasmarkmið EFLU frá árinu 2015								
	tonn CO_2-ígilda	165	213	166	tonn CO_2-ígildi/st.gildi	0,58	0,43	-26%
Kolefnisspor vegna aukins umfangs 3 sem starfsemi EFLU hefur óbein áhrif á								
		455	363	700	tonn CO_2-ígildi/st.gildi	1,0	1,8	87%
Kolefnisbinding	tonn CO_2-ígilda	165	213	0				
Heildarfjöldi stöðugilda hjá EFLU		346	367	384				
Stöðugildi höfuðstöðva		257	279	285				

Framlag EFLU í þágu heimsmarkmiðanna



Engin fátækt
- Styrkir úr samfélagssjóði



Ekkert hungur
- Styrkir úr samfélagssjóði
- Matargjafir



Heilsa og vellíðan
- Heilsueflandi vinnustaður
- Vinnuvernd
- Vottað stjórnkerfi um heilbrigði og öryggi á vinnustað, ISO 45001
- Hollur matur í mötuneyti
- Samgöngusamningar
- Íþrótta- og hreyfistyrkir
- Aðstaða til íþróttaiðkunar
- Sturtuaðstaða og inni og úti geymsluaðstaða fyrir hjól
- Heilsueflingarvika
- Lífshlaupið
- Hjólað í vinnuna
- Ráðgjöf í fagteymum um innivist og heilsu



Menntun fyrir alla
- Markviss starfsþróun
- Starfsþróunarsamtöl
- Hæft og áhugasamt starfsfólk
- Framlag til háskólamenntunar



Jafnrétti kynjanna
- Jafnlaunavottun ÍST 85:2012
- Jafnréttisstefna



Hreint vatn og hreinlætisaðstaða
- Ráðgjöf fagteyma EFLU
- Fylgst er með vatnsnotkun á starfsstöðvum



Sjálfbær orka
- Ráðgjöf fagteyma EFLU
- Notkun 100% endurnýjanlegrar orku til húshitunar og raforku
- Fylgst er með orkunotkun



Góð atvinna og hagvöxtur
- Áhersla á sterkan rekstur
- Fyrirmyndarfyrirtæki hjá Creditinfo
- Starfsánægja er mæld reglulega
- Arður útgreiddur til hluthafa
- Styrkir úr samfélagssjóði



Nýsköpun og uppbygging
- Nýsköpun innan allra fagteyma
- Samstarf við háskóla
- Fjölmörg nýsköpunar- og þróunarverkefni
- Virk sókn í innlenda og erlenda rannsóknarsjóði



Aukinn jöfnuður
- Jafnréttisstefna
- Jafnlaunavottun ÍST 85:2012



Sjálfbærar borgir og samfélög

- Ráðgjöf í fagteymum EFLU
- Unnið að BREEAM in USE vottun höfuðstöðva
- Samgöngusamningar við starfsfólk
- Starfsmönnum boðið að nota hopphjól og rafhjól til og frá vinnu og í vinnutengdum erindum



Ábyrg neysla og framleiðsla

- Ráðgjöf í fagteymum EFLU, þ.m.t. til að minnka notkun efnis og orku
- Áhersla á vistvæna hönnun og rekstur starfsstöðva EFLU
- Ábyrg innkaup
- Fylgst er með rafmagns- og vatnsnotkun
- Loftslagsmarkmið
- Vottuð umhverfisstjórnun skv. ISO 14001



Aðgerðir í loftslagsmálum

- Ráðgjöf í fagteymum EFLU; Afgerandi forysta í lausnum sem hafa jákvæð umhverfisáhrif
- Loftslagsmarkmið
- Vottuð umhverfisstjórnun skv. ISO 14001



Líf í vatni

- Ráðgjöf í fagteymum EFLU



Líf á landi

- Ráðgjöf í fagteymum EFLU



Friður og réttlæti

- Mannauðsstefna
- Jafnréttisstefna
- Stefna um spillingu og mútur
- Stefna um sanngjarna samkeppni
- Stefna gegn einelti og áreitni
- Vottun samkvæmt ISO 27001 um upplýsingaöryggi
- Reglur um vernd persónuupplýsinga



Samvinna um markmiðin

- Aðili að Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð

UFS samfélagsuppgjör

Umhverfi (E)

Breytur	Eining	2025
E1 — Losun gróðurhúsalofttegunda		
Umfang 1	tCO_2	30
Umfang 2	tCO_2	24
Umfang 3	tCO_2	820
E2 — Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda		
Losun gróðurhúsalofttegunda á hvern starfsmann	tCO_2/stöðugildi	2,28
Heildarlosun lofttegunda annarra en gróðurhúsalofttegunda	Á ekki við	
E3 — Orkunotkun		
Bein orkunotkun	MWst	132
Óbein orkunotkun	MWst	2772
E4 — Orkunotkun		
Bein heildarorkunotkun á stöðugildi	kWst/m^2	344
E5 — Samsetning orku		
Endurnýjanleg orka	%	95
Önnur orka	%	5
E6 — Vatnsnotkun		
Heildarvatnsnotkun	m^3	56.683
Heildarmagn af vatni sem er endurheimt	%	0
E7 — Umhverfisstarfssemi		
Fylgir fyrirtækið þitt formlegri umhverfisstefnu?	Já / Nei	Já
Fylgir fyrirtækið þitt tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku, og/eða endurvinnslu	Já / Nei	Já
Notast fyrirtækið þitt við viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	Já / Nei	Já
E8 — Loftslagseftirlit / stjórn		
Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	Já / Nei	Já
E9 — Loftslagseftirlit / stjórn		
Hefur æðsta stjórnunarteymi þitt eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	Já / Nei	Já
E10 — Mildun loftslagsáhættu		
Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	ISK	0

Félagslegir þættir (S)

Breytur	Eining	2025
S1 — Launahlutfall forstjóra		
Laun framkvæmdastjóra í hlutfalli við miðgildi launa	%	3,38 [1]
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?	Já / Nei	Nei
S2 — Launamunur kynja		
Miðgildi launagreiðslna karla í hlutfalli við miðgildi launagreiðslna kvenna	%	13,3*
S3 — Starfsmannavelta		
Árleg breyting starfsfólks í fullu starfi	%	7,37
Árleg breyting starfsfólks í hlutastarfi	%	
Árleg breyting verktaka og ráðgjafa	%	
S4 — Kynjafjölbreytni		
Kynjahlutfall innan fyrirtækisins		
— Karlar	%	64
— Konur	%	36
Kynjahlutfall í byrjunarstörfum og næsta starfsmannalagi fyrir ofan		
— Karlar	%	69
— Konur	%	31
Kynjahlutfall í störfum í efsta starfsmannalagi og sem framkvæmdastjórar		
— Karlar	%	50
— Konur	%	50
S5 — Kynjahlutfall tímabundinna starfskrafta		
Prósenta starfsfólks í hlutastarfi	%	16,0
Prósenta þeirra sem eru í verktöku og/eða ráðgjöf	%	0,5
S6 — Aðgerðir gegn mismunun		
Fylgir félagið stefnu gegn kynferðislegri áreitni og/eða mismunun?	Já / Nei	Já
S7 — Vinnuslysatíðni		
Tíðni öryggistengdra atvika	Fjöldi/1 milljón	3,1
S8 — Hnattræn heilsa og öryggi		
Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilsu og öryggi?	Já / Nei	Já
S9 — Barna- og nauðungarvinna		
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu?	Já / Nei	Já
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	Já / Nei	Nei
S10 — Mannréttindi		
Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu?	Já / Nei	Já
Ef já, nær mannréttindastefnan einnig til birgja og seljenda?	Já / Nei	Já

Stjórnarhættir (G)

Breytur	Eining	2025
G1 — Kynjahlutfall í stjórn		
Hlutfall kvenna í stjórn	%	40
Hlutfall kvenna í formennsku nefnda	%	Á ekki við
G2 — Óhæði stjórnar		
Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	Já / Nei	Já
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	0
G3 — Kaupaukar		
Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	Já / Nei	Nei
G4 — Kjarasamningar		
Hlutfall starfsfólks fyrirtækisins í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga	%	100
G5 — Siðareglur birgja		
Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum?	Já / Nei	Nei
Ef já, hve hátt hlutfall þinna birgja hafa formlega vottað að þeir fylgi siðareglunum, í prósentum?		
G6 — Siðferði og aðgerðir gegn spillingu		
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu?	Já / Nei	Já
Ef já, hve hátt hlutfall vinnuafls þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni, í prósentum?	%	0
G7 — Persónuvernd		
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd?	Já / Nei	Já
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	Já / Nei	Já
G8 — Sjálfbærniskýrsla		
Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbærniskýrslu?	Já / Nei	Já
Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda?	Já / Nei	Já
G9 — Starfsvenjur við upplýsingagjöf		
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	Já / Nei	Já
Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	Já / Nei	Já
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða	Já / Nei	Já
G10 — Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila		
Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni tekin út eða sannreynd af þriðja aðila?	Já / Nei	Nei



Lokaorð

Í þessari sjálfbærni- og ársskýrslu koma meðal annars fram helstu áherslur og sýnir skýrslan fram á hvernig þessi ábyrgð endurspeglast í verkum, stefnu og framtíðarsýn EFLU. Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærni geta aldrei verið sjálfstæðir eða óháðir hlutar í starfsemi fyrirtækis heldur eru þeir samofnir eðlilegum og heilbrigðum rekstri.



www.efla.is

